NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Fornleifadeild

# Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Mars 2016
NV nr. 9-16

## Efnisyfirlit

Inngangur ..... 5
Markmið og aðferðir ..... 6
Tilgangur fornleifaskráninga ..... 6
Aðferðafræði ..... 7
Skrá yfir fornleifar ..... 8
Laugaland ..... 8
Saga Laugalands ..... 8
Fornleifaskrá Laugaland ..... 8
Staður á Barðaströnd ..... 20
Saga Staðar ..... 20
Fornleifaskráning Staður ..... 21
Hlíð ..... 23
Saga Hlíðar ..... 23
Fornleifaskráning Hlíð ..... 24
Hofstaðir ..... 37
Saga Hofstaða ..... 37
Fornleifaskrá Hofstaðir ..... 39
Þórisstaðir ..... 41
Saga Þórisstaða ..... 41
Fornleifaskrá Þórisstaðir ..... 41
Gröf ..... 50
Saga Grafar ..... 50
Fornleifaskrá Gröf ..... 51
Hallsteinsnes ..... 69
Saga Hallsteinsness ..... 69
Fornleifaskrá Hallsteinsnes ..... 70
Grónes (Gróunes) ..... 105
Saga Gróuness ..... 105

Fornleifaskrá Gróunes ............ 106
Barmur ............ 123
Saga Barms ............ 123
Fornleifaskrá Barmur ............ 124
Skálanes ............ 142
Saga Skálaness ............ 142
Fornleifaskrá Skálanes ............ 143
Brekka ............ 150
Saga Brekku ............ 150
Fornleifaskrá Brekka ............ 150
Námur ............ 158
Náma 103, Múlaá. ............ 159
Náma 104, Bergskering innan Þórisstaða ............ 159
Náma 105. Hjalli utan Þórisstaða ............ 160
Náma 106, Hjallaháls ............ 160
Náma 107, Áreyrar Djúpadals ............ 160
Náma 108, Skriður utan Síkisár ............ 160
Náma 109, Miðhúsamelur ............ 160
Náma 110, Ódrjúgsháls-klöpp (Skering) ............ 160
Náma 113, Melanes ............ 160
Náma 114, Hjalli innan Hallsteinsness ............ 161
Náma 118, Klappir á Grónesi ............ 161
Náma 125, Laugalandshraun ............ 161
Náma 127, Klappir utan Hákallastrandar ............ 162
Náma 130, Miðjanes ............ 162
Náma 131, Tangi innan Galtarár ............ 162
Náma 132, Skálaneshraun ............ 162
Náma 133, Utan Krakár/Háubakkar ............ 162
Náma 134, Grjótlager á Melanesi ............ 162
Niðurlag ............ 164
Lýsing á veglínum ............ 164
Leið I ............ 164
Leið Þ-H ............ 166

Leið H1 ........ 172
Leið D2 ........ 176
Leið A1 ........ 179
Tenging við Reykjanes ........ 181
Tenging við Djúpadal ........ 181
Lokaorð ........ 183

# Inngangur

Árið 2004 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar á Vestfjarðavegi 60 og í október það ár kom úr skýrslan *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu. Vegna ný og endurlagningar Vestfjarðarvegar nr. 60*[1]*.* Dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur sá um vettvangsvinnu og skýrslugerð. Árið 2004 var fornleifaskráning á Íslandi tiltölulega ný til komin og aðferðafræði fornleifaskráningar var enn í mótun. Á þeim 12 árum sem liðin eru síðan skýrslan kom út hefur orðið mikil þróun í verklagsreglum í fornleifaskráningu og kröfur minjayfirvalda eru orðnar miklu meiri um hvernig fornleifaskráning á að fara fram. Jafnframt hafa tækni og mælingartæki þróast mikið og í dag eru landupplýsingakerfi og loftmyndir orðin hluti af starfsumhverfi fornleifafræðinga.

Vegna þessa fór Minjastofnun fram á að fornleifaskráning vegna lagningu Vestfjarðarvegar (60) yrði lagfærð og þeim stöðlum og kröfum sem stofnunin setur við fornleifaskráningu í dag fylgt.

Veglínur hafa jafnframt tekið miklum breytingum síðan skráningin var gerð árið 2004, fallið hefur verið frá nokkrum veglínum og nýjar settar inn. Að beiðni Vegagerðarinnar og að tilmælum Minjastofnunar gerði Náttúrustofa Vestfjarða því endurbætta skráningu á fornleifum fyrir Vegagerðina þar sem stöðlum Minjastofnunar árið 2015 var fylgt og nýjar veglínur skoðaðar.

Skýrsla Ragnars frá 2004 var nýtt sem grunnur af þessari og númer sem notuð voru í eldri skýrslunni birtast við hverja fornleif ef sömu minjar eru skráðar. Ef fornleifarnar voru skráðar en eru utan nýrra veglína fyrir 2015 eru þær skráðar „utan svæðis" og er skráningin þá ekki endurbætt frá eldri skýrslunni.

Minjar voru mældar inn með nákvæmum staðsetningartækjum frá Trimble teiknaðar inn og ljósmyndaðar. Vettvangsvinna var unnin í nóvember 2015 af Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðing, henni til aðstoðar við vettvangsvinnu var Guðmundur Birgir Smárason. Úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Margrétar og var unnin í janúar og febrúar 2016. Kortavinnu annaðist Hulda Birna Albertsdóttir.

[1] Ragnar Edvardsson 2004

# Markmið og aðferðir

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra." Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“
Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12. gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24. gr.).”

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað. Verkefnið var skráð í vefsjá Minjastofnunar og fékk númerið 1788 og hafa veglínur verið teiknaðar inn í gangagrunninn.

# Skrá yfir fornleifar

Númerin eru úr kortasjá Minjastofnunar sem úthlutar hverju verkefni númer um leið og svæðið er afmarkað í gagnagrunninn. Þetta verkefni fékk númerið 1788 og svo eru hlaupanda númer þannig að fyrsta númerið verður 1788-1 og svo framvegis. Hafi minjar verið skráðar áður er það númer fyrir neðan.

## Laugaland

Saga Laugalands
Laugalands er ekki getið í Jarðabók Árna og Páls og líklegt er að jörðin hafi þá ekki verið til. Hinsvegar er hún listuð sem hjáleiga í Johnsen frá 1847 og íbúar skráðir fyrst í manntali frá 1845 en ekki í manntali 1703. Líklegt er að jörðin hafi verið stofnuð einhvern tímann frá 1703-1845. Í Barðstrendingabók segir: „Laugaland er inn í Þorskafirði, langa bæjarleið frá Stað. Lítil jörð og slægnarýr."[2]

Fornleifaskrá Laugaland
**Kort:** 7/13
**Verkefnanúmer:** 1788-1
**Jörð:** Laugaland
**Hlutverk:** Býli
**Tegund:** Bæjarhóll
**Staðsetning:** A: 347239 N: 561118


**Mynd 1.** *Rústir við hlið íbúðarhússins á Laugalandi.*

**Staðhættir:** Á bænum Laugalandi stendur gamalt íbúðarhús sem nú er í eyði en er notað sem sumardvalarstaður. Við hlið íbúðarhússins eru hleðslur sem eru líklega af eldri torfbæ sem þar hefur staðið. Hleðslurnar eru beggja megin við íbúðarhúsið sem stendur þar. Húsið og rústirnar standa á veglegum bæjarhól sem staðsettur er fremst á klettanös.
**Minjalýsing:** Hleðslurnar standa hæstar um 120 cm og eru úr torfi og grjóti og eru austur að núverandi íbúðarhúsi. Þær mynda tvö hólf og vegg sem nær í átt að húsinu. Húsið virðist hafa verið byggt á rústum gamals torfbæjar. Á túnakorti sem hefur verið

2 Kristján Jónsson 1942:30.

teiknað fyrir 1920 sést að bærinn hefur staðið á sama stað og núverandi hús sem byggt var árið 1939.[3]

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-2
**Kort:** 7/13
**Jörð:** Laugaland
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Rúst
**Staðsetning:** A: 347204 N: 561129



**Mynd 2.** *Rústir útihúss sem hefur orðið eldi að bráð.*

**Staðhættir:** Um 10 metra vestur af bænum eru rústir útihús.

**Minjalýsing:** Húsið er grjóthlaðið en stórir klettar mynda einn vegg rústarinnar. Veggir eru um 120 cm á hæð, hlaðnir úr torfi og grjóti. Í rústinni má sjá leifar af grindinni sem hefur haldið þakinu uppi og er ljóst að þetta hús hefur brunnið. Rústin er opin út að sjó.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-3
**Kort:** 7/13
**Jörð:** Laugaland
**Hlutverk:** Garðlag
**Tegund:** Garður
**Staðsetning:** A: 347252 N: 561083



**Mynd 3.** *Garðlag innan bæjarhóls á Laugalandi.*

**Staðhættir:** Suður af bænum en á bæjarhólnum er lítið garðlag.

**Minjalýsing:** Garðurinn er hlaðinn úr nokkuð stórum steinum sem eru að hverfa í sinu. Hæð garðsins er 20-30 cm. Lengd garðsins er 30 m.

**Hættumat:** Lítil hætta.

3 (www.fmr.is)

**Verkefnanúmer:** 1788-4

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 347352 N: 561064

**Staðhættir:** Um 150 m suðaustur af bænarhúsinu á Laugalandi eru tvær rústir hlið við hlið. Rústirnar eru við fjöruborðið í túnjaðri Laugalands.



**Mynd 4.** *Rúst í túnjaðri Laugalands.*

**Minjalýsing:** Rústin sem er nær bænum er 6 m á lengd og 5 m á breidd og eru hleðslur 1 m á hæð. Rústin er hlaðin úr torfi og grjóti og nær kassalaga og er hrun í inngangi sem hefur vísað norður.

**Hættumat:** Lítil hætta.



**Verkefnanúmer:** 1788-5

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 347357 N: 561066

**Staðhættir:** Fast við hlið rústar [4] er önnur rúst.

**Minjalýsing:** Rústin er grjóthlaðin og 9 m á lengd og 6 m á breidd að utanmáli. Rústin er ílöng og opin í norður út á fjörðinn. Rústin er mun lægri en sú við hliðina eða aðeins 30 cm og nokkuð gróin.

**Hættumat:** Engin hætta.



**Mynd 5.** *Rústin við hlið 4 líklega af útihúsi.*

**Verkefnanúmer:** 1788-6

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning:** A: 347290 N: 561103

**Staðhættir:** Um 70 metra austur af bæjarhólnum í uppgrónu túni og sinu er frekar stutt hleðsla.

**Minjalýsing:** Hleðslan er um 6 m á lengd og er tvöföld grófhleðsla og líklega hefur verið torf á milli. Ekki er ljóst hvort um sé að ræða leifar af byggingu en hugsanlega er þetta hleðsla fyrir hey til gjafa fyrir fé í heimatúni.

**Hættumat:** Lítil hætta.



**Mynd 6.** *Hleðsla sem ekki er vitað hvaða tilgangi þjónaði.*



Mynd 7. *Brunnur við bæjarhólinn.*

**Verkefnanúmer:** 1788-7
**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Vatnsból

**Staðsetning:** A: 347200 N: 561120

**Staðhættir:**Um 17 m vestur af bænum Laugalandi er brunnur.

**Minjalýsing:** Brunnurinn viðist vera grjóthlaðinn og hefur verið byrgður með spýtum sem nú eru mjög fúnar.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-8

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rúst/hleðsla

**Staðsetning:** A: 347150 N: 561150

**Staðhættir:** Alveg niður í fjöru um 80 metra vestur af bænum er hleðsla.

**Minjalýsing:** Líklega hluti af byggingu sem hefur staðið þarna en aðeins einn veggur er greinilegur. Náttúrulegir steinar hafa líklega myndað restina af húsinu. Rústin er um 4 m á lengd og 1 m á breidd.

**Hættumat:** Lítil hætta.



**Mynd 8.** *Líklega naust í fjörunni.*

**Verkefnanúmer** 1788-9

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A:347163 N: 561149

**Staðhættir:** Um 80 m vestur af bænum í fjörunni er rúst. Gæti hugsanlega hafa verið naust miðað við staðsetningu í fjörunni.

**Minjalýsing:** Rústin er tvö hólf, þó svo að annað sé mun greinilegra en hitt. Hleðslur eru hæstar um 0,4 m og er rústin hlaðin úr grjóti. Rústin er hlaðin við hliðina á kletti sem myndar einn langvegg hennar.

**Hættumat:** Lítil hætta.




**Verkefnanúmer:** 1788-10

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Rétt/nátthagi

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning:** A: 347161 N: 561125



**Mynd 9.** *Nátthaginn í útjaðri túnsins.*

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Stekkjarnes er utan við túnið. Á því var rétt eða byrgi. Þar var fé rekið inn sérstaklega á seinni árum, Réttin stendur enn, enda ekki mörg ár síðan hún var notuð".[4]

**Minjalýsing:** Um 60 m vestur af bæjarhúsinu á Laugarlandi er ferhyrnd rétt eða nátthagi. Réttin er mjög gróin og sér ekki í grjót. Hleðslur 30 cm á hæð. Stærð hennar er 10x10 og er op á réttinni til suðurs.

**Hættumat:** Lítil hætta.




4 Örnefnaskrá Laugaland 1978:6

**Verkefnanúmer:** 1788-11

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 347128 N: 561083



**Mynd 10.** *Túngarður Laugalands þar sem veglína er fyrirhuguð.*

**Staðhættir:**Utan um túnið á Laugalandi er gamall túngarður.

**Minjalýsing:** Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er um 1 m á breidd og 180 m á lengd. Garðurinn er greinilegur en nokkuð sokkin í sinu.

**Hættumat:** Veglína I og A1 fara yfir garðinn.

**Verkefnanúmer:** 1788-13

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 347509 N: 561005

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá Laugalands segir: „Mógrafir voru niður af hjöllunum. Búið er að fylla þær upp, og þar er nú tún. Þarna var tekinn mór á árunum 1940-1945, jafnvel eitthvað lengur. Theódór kom að Laugalandi 1940 og tók upp mó fyrstu árin. Guðmund minnir, að hann hafi talað um 11 stungur þarna, en jarðvegur er djúpur". [5]

**Minjalýsing:** Horfið undir tún.

**Hættumat:** Vinnubúðir eru fyrirhugaðar á svæðinu en mógrafirnar eru löngu upp fylltar.

**Verkefnanúmer:** 1788-14

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

---

5 Örnefnaskrá Laugaland 1978:6

**Staðhættir:**Í örnefnaskrá segir: „Hesthúslækur rann innan við túnið eins og það var en rennur nú í skurði". [6]

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar þetta hesthús stóð eða hvort að hesthúsið sé ein af þeim rústum sem hefur verið skráð.

**Hættumat:** Ókunnugt.

**Verkefnanúmer:** 1788-15

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 347265 N: 561075

**Staðhættir:** Á túnakorti frá því fyrir 1920 eru teiknuð tvö útihús. Þessi hús stóðu þar sem í dag stendur hús sem skráð er sem verkstæði.

**Minjalýsing:** Ekki sjást leifar af þessum húsum í dag.

**Hættumat:** Horfið.

**Verkefnanúmer:** 1788-16

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A:347265 N: 561075

**Staðhættir:** Á túnakorti frá því fyrir 1920 eru teiknuð tvö útihús eða kálgarðar. Þessi hús/garðar stóðu þar sem í dag stendur hús sem skráð er sem verkstæði.

**Minjalýsing:** Ekki sjást leifar af þessum húsum/kálgörðum í dag.

**Hættumat:** Horfið.

**Verkefnanúmer:** 1788-17

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Fjós

---

6 Örnefnaskrá Laugaland 1978:5

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 347300 N: 561055

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Fjósaflöt hefur verið fjós áður en Guðmundur veit ekki hvar það stóð".[7]

**Minjalýsing:** Líklegt er að Fjósaflöt sé upp af Kvíarvogi þar er nú gamalt tún en ekki sést til rústa þar. Líklegt að leifar af fjósi séu undir sverði á svæðinu. Hnit tekið á miðju svæðinu.



**Mynd 11.** *Gróið naust nærri Skútunausti í landi Laugalands.*

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-18

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 347320 N: 561070

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „rétt við Kvíarvog er stakur steinn".[8]

**Minjalýsing:** Kvíarvogur er líklega lítill vogur við túnið.

**Verkefnanúmer:** 1788-19

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 344541 N: 560205

**Staðhættir:**Um 2,8 km vestur af Laugalandi á svæði sem heitir Skútunaust er mjög gamalt naust.

**Minjalýsing:** Naustið er í lengra lagi eða 15 m á lengd að utanmáli og 11 m á breidd. Naustið er hlaðið úr grjóti en nokkuð gróið eru hleðslur um 40 cm.

[7] Örnefnaskrá Laugaland 1978:9

8 Örnefnaskrá Laugaland 1978:9

**Hættumat:** Mikil hætta. Veglína A1 og nýr Reykhólasveitarvegir vegna veglínu I eru áforaðir yfir rústina.




**Verkefnanúmer:** 1788-20

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rústa bunga

**Staðsetning:** A: 344547 N: 560185

**Staðhættir:** Upp í hlíðinni ofan við þar sem túnin á Laugalandi enda er ógreinileg rústabunga.

**Minjalýsing:** Veggir eru lágir og ógreinilegir og eru þeir mjög grónir. Á loftmyndum sést að þetta er líklega ferköntuð rúst eða rétt sem er 12x12 m.

**Hættumat:** Mikil hætta. Veglína A1 og Reykhólasveitarvegur vegna veglínu I eru áformaðir yfir rústina. Rannsaka þarf rústina.

**Verkefnanúmer:** 1788-21

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Heit laug

**Tegund:** Vatnsból

**Staðsetning:** A: 347226 N: 561041

**Staðhættir:** Nafnið Laugaland er tilkomið vegna þess að í landinu er að finna heitar laugar. Í örnefnaskrá segir: „Lind Ytri (80) (75°) er nær bæ nú og væri í rauninni réttara

að nefna hana Heimri. Hún er rétt við íbúðarhúsið, og er tekið vatn úr henni í húsið. Lindin hefur líklega einhvern tíman verð kölluð Prettur og minnist Guðmundur þess að hafa séð það nafn einhverstaðar á prenti e.t.v. í Árbók Barðastrandarsýslu. Heit lindin sem kölluð var laug af Guðmundi og hans fólki, hefur samgang við sjó og hækkar í henni um flóð. Úr Lind heimri sem ekki var kölluð neinu sérstöku nafni, var tekið vatn í sundlaug sem Theódór gerði rétt við lindina. Heitar lindir eru í fjörunni niður af bænum eða aðeins utar, en þær hafa engin sérstök nöfn. Þetta eru mörg augu eða uppsprettur og eru heitari en laugarnar heima".[9]

**Minjalýsing:** Hnit var tekið við gömlu laugina sem er steinsteypt.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-24

**Kort:** 7/13

**Jörð:** Laugaland/ Staður

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Vegvísun

**Staðsetning:** A: 344540 N: 560204

**Staðhættir:** Á hæð út við sjóinn, ekki langt frá naustinu er varða.

**Minjalýsing:** Varðan stendur á klöpp og er um 1 m á hæð.

**Hættumat:** Mikil hætta.



**Mynd 12.** *Varða milli Laugalands og Staðar.*

**Verkefnanúmer:** 1788-25

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Laugaland/Staður

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Vegvísun

**Staðsetning:** A: 343989 N: 559336



**Mynd 13.** *Varða milli Laugalands og Staðar.*

**Staðhættir:**Varða nokkuð nálægt sjó á náttúrulegri klöpp.

**Minjalýsing:** Varðan er um 1,50 m á hæð og skófum vaxin. Frá þessari vörðu sést í tvær aðrar.

[9] Örnefnaskrá Laugaland 1978:9.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-26

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Laugaland/Staður

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Vegvísun

**Staðsetning:** A: 343933 N: 559304



**Mynd 14.** *Varða milli Laugalands og Staðar.*

**Staðhættir:** Á milli Laugalands og Staðar en mun nærri Stað og Árbæ eru nokkrar vörður.

**Minjalýsing:** Varðan er um 1 m á hæð og skófum vaxin.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-27

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Laugaland/Staður

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Vegvísun

**Staðsetning:** A: 344201 N: 559566



**Mynd 15.** *Varða milli Laugalands og Staðar.*

**Staðhættir:** Á milli Laugalands og Staðar en mun nærri Stað og Árbæ eru nokkrar vörður.

**Minjalýsing:** Um 1 m á hæð.

**Hættumat:** Lítil hætta.

## Staður á Barðaströnd

Saga Staðar

Fyrstu heimildir um jörðina Stað á Reykjanesi er í Kumlbúahætti frá 1283[10]. Staður hefur lengi verið kirkjustaður og kemur þess vegna reglulega fram í íslenskum fornritum. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Útigángur í betra lagi. [...] Eggver lítið í eyjunum af æðifugli, svartbaki og öndum, og fæst hjer sjaldan meira í meðallagi en 200 eggja og fáeinar merkur dúns. Selveiði við áðurnefndar eyjar að nokkru gagni, þá vel er að sókt. Sölvatekja á útskerjum, mjög lítil, og ekki til hlunnenda teljandi. Skelfisksfjara á milli nefndra eyja hefur verið að nokkru gagni en brúkast ei. Kirkjan á þriðjúng í viðreka og hvalreka á Hafnarhólmi á Selströnd, og þriðjúng í hvalreka og viðreka á Kollafjarðarnesi, úr seylu þeirri, er gengur úr Gullsteinum og að Hvalsá, jafnvel í ey sem á meginlandi. Þessara ítaka nýtur staðurinn, þá nokkuð uppber. Geldfjárrekstur á staðurinn, eftir máldaganum, á Miðdal í Steingrímsfirði. Þess hefur staðurinn og notið átölulaust. Þriggja manna í ferð í Saurbæjarfjöru á staðurinn eftir máldaganum. Sú sölvatekja hefur ekki brúkast so menn viti. Staðurinn á og, eftir nefndum máldaga, akurtröð á Svínanesi, í Hlíðarnesi og Lambhaga. Það ítak er staðnum að öngvu gagni og hefur ekki brúkast. Skógarpart á staðurinn í Hallsteinsness landi, sem kallast Teigsskógur, inn að Grímkelsstaðaá og út á kleifina. Þessi skógur er lítill til raftviðar en nægur til kolgjörðar og eldiviðar, og brúkast frá staðnum átölulaust. Annað skógarítak á kirkjan í Skógarskóg í Þorskafirði, frá læknum, er fellur fyrir utan Skóga og fyrir neðan Þingmannagötur, og að götu þeirri, er almenníngsvegur liggur út og upp að Vaðalsheiði að Kinnastöðum. Þessi skógur er nægur til kolgjörðar og eldiviðar, og brúkast átölulaust. Þessi skógarítök liggja í fjarska við staðinn, og er erfitt þángað að sækja. Túninu spillir Staðará nokkuð með landbroti og grjóts áburði, og sýnist líklegra að það muni áaukast. Enginu spillir og sama á með grjóts og leirs áburði, og sumstaðar vatn, sem jetur úr rótina. Slægjur eru nokkrar í eyjunum hjer fyrir framan, og verður þaðan ekki flutt á hestum heyið, nema um stórstraumafjöru, að skaðlausu. Engjarnar á meginlandi eru mjög votunnar, so þar verður ekki þurkað heyið. Úthagar eru nægjanlegir, þó þeir spillist víða af skriðum. Hætt er kvikfje nokkuð fyrir sjáfarflæður, og so fyrir afætudýjum í landinu."[11] Árni Magnússon telur hér 6 kirkjukúgildi; hann segir og frá ítökum nokkrum

10 Íslensk fornrit XIIII. 1941:45.

11 Jarðabók Árnar Pálssonar og Páls Vítalín VI,1921:206-207

og hlunnindum, er kirkjan eigi, notuðum og ónotuðum, svo og frá eyðihjáleigum Fornastöðum og Hraunstöðum, er 1805 voru hafðar til beitar;“ [12]

Fornleifaskráning Staður

**Verkefnanúmer:** 1788-28

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Staður

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Býli

**Staðsetning:** A: 344675 N: 558090

**Staðhættir:**Bæjarhóllinn er austan megin við núverandi íbúðarhús og stendur í sléttu túni og er greinanlegur, sérstaklega suður hlið hans.

**Minjalýsing:** Bæjarhóllinn er 50x50 m að stærð. Ekki sjást merki um byggingar á yfirborði hólsins.

**Hættumat:** Bæjarhóllinn er ekki í hættu vegna vegaframkvæmda.

**Verkefnanúmer:** 1788-29

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Staður

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Hús

**Staðsetning:** A: 344720 N: 558080

**Staðhættir:**Kirkju er getið á Stað í kirknaskrá Páls biskups frá 1200. [13]



**Mynd 16.** *Núverandi kirkja á Stað.*

**Minjalýsing:** Núverandi kirkja var byggð árið 1860 og endurgerð að tilstuðlan Þjóðminjasafnsins árið 1964. Kirkjan stendur í kirkjugarði og í kring um hann er garður hlaðinn úr torfi og grjóti. Garðurinn hefur verið stækkaður allavega tvisvar sinnum. Í dag er garðurinn um 40x30 m og upphlaðin leiði eru í honum. Líklegt er að kirkjan hafi alltaf staðið á þessum stað.

**Hættumat:** Kirkjan er ekki í hættu vegna framkvæmda.

12 Johnsen,J.1847:176.

13 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, , I. 834–1264, ed. Jón Sigurðson , Copenhagen 1857–1876,:12

**Verkefnanúmer:** 1788-30

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Staður/Árbær

**Sérheiti:** Hraunastaðir

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Rústir

**Staðsetning:** A: 344140 N: 559509



**Mynd 17.** *Rústir á Hraunastöðum.*

**Staðhættir:** Hraunstaðir er fornt býli sem áður tilheyrði Stað en er núna í landi Árbæjar. Keyrt er framhjá Árbæ og beygt í áttina að Laugalandi. Þar er slóði til vinstri í átt að grænni bogalaga byggingu sem notað er sem skjól fyrir fé. Rústir á Hraunstöðum standa um 170 m frá sjó og allt í kring eru tún sem eru nytjuð og slegin. Bærinn hefur staðið upp á grjóthrygg og eru túnin nokkuð neðar.

**Minjalýsing:** Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvort um eina eða þrjár rústir er að ræða en húsin standa mjög þétt á grjóthrygg. Rústin er skráð hér sem ein rúst þar sem veggir eru allir jafn háir og líklegt að byggingarnar hafi verið í notkun samtímis. Stærsta rýmið er neðst og hefur inngang í suð austur þar eru greinileg tvö rými. Þar við hliðina er annað rými með dyr á sömu hlið og efst er rúst sem er með dyr út að sjó í norðvestur. Hæð hleðsla er hæst um 1 m og flestir veggirnir eru í þeirri hæð. Rústirnar eru grónar en sér í hleðslur. Við hliðina á klettinum eða grjóthryggnum sem rústirnar standa á, rennur lækur. Útlit og staðsetning rústanna benda til að þetta hafi verið sel en oft var búið í seljum eftir notkun þeirra. Ekki virtust nein merki um önnur hús í kring.

**Hættumat:** Rústirnar standa upp á klettum og eru rétt utan við áhrifasvæði vegaframkvæmda.




## Hlíð

Saga Hlíðar

Í Landnámabók segir: „Ingjaldr var son þeira, er bjó í Hergilsey ok veitti Gísla Súrssyni. Fyrir þat gerði Börkr enn digri af honum eyjarnar, en hann keypti Hlíð í Þorskafirði". [14]

Í Þorskfirðinga sögu segir: "Þórir [...] átti annat bú í Hlíð."[15]

Árið 1703 er Hlíð einbýli í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands. Árið 1710 er Hlíð 24 hundruð að stærð og í bændaeign. [16] Árið 1801: Einbýli í byggð[17]. 1835: Einbýli í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands. 1845:

Þríbýli (?) í byggð.[18] Árið 1847 er Hlíð 24 hundruð bændaeign. „1805 er eyðihjáleigan Hlíðarkot talin með." [19]

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Útigángur fyrir sauðfje í meðallagi, en fyrir hesta mjög lakur, og er þeim í burt komið á vetur til hagagöngu. [...] Engjarnar

14 *Íslenzk fornrit I Íslendingabók og landnáma.* Reykjavík 1943:153.

15 *Íslenzk fornrit XIII Harðar saga.* Reykjavík 1991:226

16 Árni Magnússon og Páll Vítalín 'VI 1921:208

17 Manntal Vesturamts, 194.

18 Manntal Vesturamts, 198-199

19 Johnsen,J.1847: 177.

spillast af skriðum úr fjallinu allvíða. Úthagarnir eru bjarglegir. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum, og so fyrir Hlíðará. Fjenaðargeymsla er mjög erfið." [20] Hlíð fór í eyði 1959.

Fornleifaskráning Hlíð

**Verkefnanúmer:** 1788-31

**Kort:** 5/13 og 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Býli

**Staðsetning:** A: 352750 N: 562780



**Mynd 18.** *Bæjarhóllinn í Hlíð í fjarska.*

**Staðhættir:** Bæjarhóllinn er í miðju túni sem er í nokkrum halla. Fyrir ofan bæinn eru lágar klettaborgir sem hafa afmarkað túnið til suðurs.

Framhlið bæjar hefur snúið til norðurs, að firðinum.

**Minjalýsing:** Bæjarhóllinn er 40 x 30 m að stærð og snýr austur-vestur. Bæjarhóllinn er nokkuð greinilegur og töluverð upphleðsla mannvistarleifa. Á bæjarhólnum standa enn leifar síðasta íbúðarhússins á jörðinni sem samkvæmt heimildum var tveggja hæða timburhús.

**Hættumat:** Nokkur hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-32

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 352748 N: 562779

**Staðhættir:** Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Sagt er að hjer hafi að fornu bænhús verið, sem af sje fallið fyrir manna minni."[21] Ekki er lengur vitað hvar bænhúsið í Hlíð stóð. Oftast voru bænhús nærri bæjarhól. Kirkjan er því hnitsett á bæjarhólnum.

20 Árni Magnússon og Páll Vítalín ´VI 1921:208

21 Jarðabók Árna og Páls VI 1981:208

**Minjalýsing:** Ekki sjást nein ummerki eftir kirkju á svæðinu og líklegt að kirkja hafi staðið nærri bæ.

**Hættumat:** Mikil hætta vegna vegagerðar. Nauðsynlegt að fornleifafræðingur geri könnunarskurði þar sem vegurinn á að liggja neðan við túnið eða verði á staðnum við framkvæmdaeftirlit.

**Verkefnanúmer:** 1788-33

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352815 N: 562710



**Mynd 19.** *Fjárhúsin í Hlíð á haustmorgni.*

**Staðhættir:** Á miðju túninu í Hlíð um 100 m suðaustur af bæjarhólnum og ofar í hlíðinni er fjárhús.

**Minjalýsing:** Fjárhúsið er tvö hólf og hlaða aftanvið. Húsið hefur verið úr torfi og grjóti og opið út á fjörðinn. Hleðslur eru nokkuð grónar en sér í grjót. Hæð hleðslna er um 1 m. Lengd rústarinnar að utanmáli er 17 m og breidd hennar er 15 m.

**Hættumat:** Þarf að merkja.




**Verkefnanúmer:** 1788-34

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352740 N: 562735



**Mynd 20.** *Annað af tveimur stórum fjárhúsum í Hlíð.*

**Staðhættir:** Á miðju túninu í Hlíð um 40 m

suð-suð vestur af bæjarhólnum og ofar í hlíðinni er fjárhús.

**Minjalýsing:** Fjárhúsið er tvö hólf og hlaða aftanvið. Húsið hefur verið úr torfi og grjóti og opið út á fjörðinn. Hleðslur eru nokkuð grónar en sér í grjót. Hæð hleðsla er um 1 m. Lengd rústarinnar að utanmáli er 17 m og breidd hennar er 15 m.

**Hættumat:** Þarf að merkja.

**Verkefnanúmer:** 1788-35

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352674 N: 562782

**Staðhættir:** Í hlíðinni ofan við bæjarhólinn, ekki fjarri hinum útihúsunum.

**Minjalýsing:** Húsið er ílangt og tvö rými, eitt ílangt og hlaða aftan við. Húsið er vestanmegin lækjar sem rennur í gegnum túnið.

**Hættumat:** Þarf að merkja.




**Verkefnanúmer:** 1788-36

**Kort** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352650 N: 562740

**Staðhættir:**Um 100 m suðvestur af bæjarhól, vestanmegin við læk sem rennur í gegnum túnið er ferköntuð rúst.

**Minjalýsing:** Tveir veggir eru greinilegir og er hæð þeirra um 40 cm. Rústin er mjög gróin.

**Hættumat:** Þarf að merkja.



**Verkefnanúmer:** 1788-37

**Jörð:** Hlíð

**Kort:** 6/13

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352820 N: 562845

**Staðhættir:**Um 96 m norðaustur af bæjarhól á bakka gilsins sem liggur í túninu, rétt ofan við háan foss er ílöng rúst.

**Minjalýsing:** Rústin er 10 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli. Veggir eru lágir og grónir.

**Hættumat:** Hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-38

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Útihús/stekkur

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 353010 N: 562995

**Staðhættir:**Við slóðann sem liggur heim að túninu í Hlíð, þar rétt við er afleggjari niður túnið sem kallað er Kottún. Þar við veginn er grjóthlaðin rúst.



**Mynd 21.** *Stekkur rétt neðan við heimreiðina að Hlíð.*

**Minjalýsing:** Rústin er ílöng og grjóthlaðin og ekki sér í torf. Rústin er að utanmáli 10 m á lengd og 5 m á breidd.

**Hættumat:** Þarf að merkja.



**Verkefnanúmer:** 1788-39

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Rétt/aðhald

**Tegund:** Hleðsla

**Staðsetning:** A: 353033 N: 563020

**Staðhættir:** Við hlið rústarinnar er hleðsla sem myndar rétt við húsið. Líklega er rústin stekkur og við hlið hans aðhald. Í örnefnaskrá er talað um Nátthaga og Nátthagakletta. Líklega er þetta aðhald umræddur nátthagi.

**Minjalýsing:** Hleðslan er nokkuð greinileg en vel gróin. Hún er í boga og er 35 m á lengd.

**Hættumat**: Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-40

**Kort:** 6/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 352885 N: 562715

**Staðhættir:** Ofarlega í túninu í Hlíð eru leifar af túngarði. Garðurinn er lágur og mjög gróinn og sést best á loftmyndum. Hann er í boga. Mestur hluti túngarðsins er hinsvegar horfinn. Sá hluti sem sést er um 60 m á lengd.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-41

**Kort:** 3/13

**Jörð:** Hlíð

**Sérheiti:** Hlíðarsel

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild/rúst

**Staðsetning:** A: 348650 N: 561100



**Mynd 22.** *Séð upp Grísadal. Hringur er utan um Selrústina.*

**Staðhættir:** Á milli bæjanna Laugalands og Hlíðar er dalur sem ber nafnið Grísadalur, hann er einskonar óbeinishólmi milli tveggja hraunbreiða sem hafa runnið niður hlíðina. Þar liggur lítill lækur í gróinni lægð. Í örnefnaskrá segir: „Hlíðarsel þar er gömul selstaða. Munnmæli herma að þar hafi verið byggð um tíma„.[22]

**Minjalýsing:** Rústin er eitt hólf og illa greinileg og greinilega mjög gömul. Hún er um 10 m á lengd og 5 m á breidd að utanmáli og stendur nærri læknum en aðeins upp í brekkunni. Þetta svæði er mjög hentugt til að staðsetja sel. Líklega er þetta sel frá Hlíð enda kallað Hlíðarsel. Rústin er mjög gróin og hverfur næstum í gróður og ekki er auðvelt að sjá hana á vettvangi en hún kemur nokkuð vel fram á loftmyndum.

22 Örnefnaskrá Hlíð 1:1

**Hættumat:** Þarf að merkja.

**Verkefnanúmer:** 1788-42

**Kort:** 2/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351430 N: 561955

**Staðhættir:** Í örnefnaskrám er talað um Stekkjarvík og Stekkjarnes. Örnefnin benda sterklega til þess að þar hafi verið stekkur.



**Mynd 23.** *Hringlaga hóll með þúst í miðju.*

**Minjalýsing:** Ekki sést til neinna rústa en á miðju nesinu er gróin hóll sem eru hugsanlega leifar af þeim stekk sem nesið er kennt við.

**Hættumat:** Hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-43

**Friðlýst fornleifar**

**Kort:** 2/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Dys/haugur/greftrunarstaður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351529 N: 561969

**Staðhættir:** Í friðlýsingarskrá segir: „Haugur forn á Stekkjarnesi, bæjarmegin við mýrardrag, sem liggur eftir nesinu; - grasi gróinn hóll. Þinglýst 1931“.[23]

**Minjalýsing:** Á Stekkjanesi er umrætt mýrardrag og eins og lýsingin segir er þar grasigróinn hóll sem hæstur er í miðju. Það sem er athyglisvert er að hóllinn er alveg hringlaga með bungu í miðju sem bendir sterklega til að hann sé manngerður. Hringurinn er 15x15 m.

**Hættumat:** Þarf að merkja.

23 Ágúst Ó. Georgsson.1990:33

**Verkefnanúmer:** 1788-44

**Friðlýstar fornleifar**

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Dysjar/greftrunarstaður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** Í friðlýsingarskrá segir: „Hlíð í Þorskafirði a. Dysjar sex úti undir Stórahrauni".[24]

**Minjalýsing:** Dysjar þessar fundust ekki við vettvangskönnun. Vegur er fyrirhugaður þar sem þessar dysjar eiga að vera. Verði vegur lagður þarna verður að fara í frekari könnun á svæðinu þar sem um friðlýstar fornleifar er að ræða.

**Hættumat:** Mikil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-45

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Aftökustaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir:** Ókunn

**Staðsetning:** í heimildaskrá segir: „Gálgi hár klettur. Sagt er að þar hafi verið hengdur þræll". [25]

**Minjalýsing:** Ekki er vitað hvar gálgaklettur er.

**Hættumat:** Enginn hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-46

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Heimild um torfskurð

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:**Í örnefnaskrá er talað um Torfdal og líklega er hann nærri heimatúni.

24 Ágúst Ó. Georgsson.1990:33

25 Örnefnaskrá Hlíð1

**Minjalýsing:** Líklega er um að ræða svæði þar sem torf var skorið enda nokkuð blautt. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Torfdalur var.

**Verkefnanúmer:** 1788-47

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Hús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá er talað um húsahjalla en ekki er skilgreint hvar hann var.

**Minjalýsing:** Hugsanlega er um að ræða svæðið þar sem útihús Hlíðar standa ofan við bæjarhólinn.

**Hættumat**: Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-48

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Öskuhaugur

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:**Í örnefnaskrá segir frá Öskuhvammi. [26]

**Minjalýsing:** Líklega er um að ræða svæði þar sem aska og rusl hefur verið sett. Oftast voru öskuhaugar nálægt bæ.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:1788-49**

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Sérheiti:** Hlíðarkot

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Rústir

**Staðsetning:** A: 353146 N: 563389

**Staðhættir:** Við Hlíð er stórt gil þar sem rennur á og



**Mynd 24.** *Grónar rústir Hlíðarkots við Kotlæk.*

26 Örnefnaskrá Hlíð.

foss steypist niður kletta. Hinumegin við þetta gil er svæði sem heiti Kottún. Á þessu svæði hefur áður staðið býli en í örnefnaskrá Hlíðar segir: „Hlíðarkot, þar var síðast búið um 1780." Nokkrar rústir eru í túninu og eru töluvert sokknar og greinilega nokkuð gamlar. Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hvaða rúst er bæjarrústin.

**Minjalýsing:** Þó er eitt svæði með rúst á sem er mun grænni en umhverfið í kring. Hugsanlega er það bæjarstæðið. Erfitt er að gera sér grein fyrir herbergjaskipan vegna þess að rústin er í kargaþýfi, en um allt má þó greina veggja stubba og dældir sem hafa verið rými í húsunum. Bæjarhús eru nokkuð stór en veggir mjög lágir og hæstir um 0,4 m.

**Hættumat:** Mikil hætta. Rústin er við framkvæmdarsvæði A1 og I.

**Verkefnanúmer:** 1788-50

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rústahóll

**Staðsetning:** A: 353118 N: 563342

**Staðhættir:** Um 35 m suðvestur af bæjarhólnum er rústabunga með mjög ógreinilegri rúst.

**Minjalýsing:** Hóllinn stendur upp úr umhverfinu í kring og er mun grænni og flest bendir til að þarna hafi staðið útihús. Ekki var hægt að mæla veggi eða sjá hvernig húsið sem þarna stóð hefur litið út.

**Hættumat:** Mikill hætta. Rústin er við framkvæmdasvæði A1 og I.

**Verkefnanúmer:** 1788-51

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Stekkur/rétt

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 353244 N: 563340

**Staðhættir:** Ofarlega á Kottúni eru klettar. Við þessa kletta er stekkur með lítilli rétt.

**Minjalýsing:** Stekkurinn hefur tvö hólf og myndar kletturinn aðra langhlið hans. Við stekkinn er svo lítil hlaðin rétt. Rústin er mikið gróin en þó sér í hleðslur. Hleðslur eru hæstar um 0,7 m. Stekkurinn er að utanmáli 11 m á lengd og 7 m á breidd. Réttin framan við er mun lægri eða um 0,4 m og er stærð hennar að utanmáli 7 m að lengd og 4 m að breidd.



**Mynd 25.** *Stekkur byggður við kletta í Kottúni*.

**Hættumat:** Þarf að merkja.

**Verkefnanúmer:** 1788-52

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 353196 N: 563383

**Staðhættir:** Rústin er í miklu þýfi og greinilega mjög gömul. Rústin er fast upp við Kotlæk sem rennur niður túnið.

**Minjalýsing:** Þrjú greinileg hólf eru á rústinni og liggja hólfin í hnapp en hleðslur eru mjög grónar og lágar aðeins 20-30 cm. Stærð hennar er 14 m á lengd og 12 metrar á breidd.

**Hættumat:** Mikil hætta. Rústin lendir undir veglínu A1 og I.




**Verkefnanúmer:**1788-54

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Sérheiti:** Sæmundarnaust

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352820 N: 563336

**Staðhættir:** Niður við fjöru neðan við Kottún sem Hlíðarkot stendur á, er höfði sem heitir Kothöfði. Í örnefnaskrá er greint frá því að á Kothöfða sé naust sem heiti Sæmundarnaust.



**Mynd 26.** *Sæmundarnaust neðst á Kothöfða*

**Minjalýsing:** Naustið er nokkuð stórt og hefur geymt stóran bát. Naustið er vel gróið en þó sér í hleðslur og dældin er mjög skýr. Naustið er 12 m að lengd og 5 m á breidd að utanmáli.

**Hættumat:** Utan svæðis.




**Verkefnanúmer:** 1788-55

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Rétt/stekkur

**Tegund:** Hleðslur

**Staðsetning:** A: 352670 N: 563187

**Staðhættir:** Alveg niður við fjöru, nærri því þar sem Kotlækur kemur niður í sjó er ílöng rétt eða stekkur.



**Mynd 27**. *Stekkur í Kottúni við Hlíð*.

**Minjalýsing:** Rústin er ílöng og í enda hennar er minna rými hugsanlega fyrir lömb. Rústin er 24 m á lengd og 7 m á breidd. Veggir eru grjóthlaðnir og sér vel í hleðslur. Hæð þeirra er um 1,20 m.

**Hættumat:** Lítil hætta.



**Verkefnanúmer:** 1788-56

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hlíð

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 352653 N: 563205

**Staðhættir:** Um 12 m norður af stekknum niður við fjöruna er naust.

**Minjalýsing:** Naustið er frekar lítið. Dældin er greinileg og veggir grónir. Rústin er 4x4 m.

**Hættumat:** Lítil hætta.

## Hofstaðir

Saga Hofstaða

Hofstaða er getið í landnámu og Þorskfirðingasögu en þar segir: „Með Úlfi kom út sá maðr, er Hallr hét, ættstórr ok mikilhæfr; hann bjó á Hofstöðum við Þorskafjörð ok reisti þar hof mikit, því at Úlfr var engi blótmaðr.“[27] Jarðarinnar er getið í íslensku fornbréfasafni árið 1477[28] og aftur árið 1501 þegar bærinn ásamt nokkrum öðrum í nágrenninu eru fluttar úr Reykhólasókn yfir í Staðarsókn [29]. Ekki er minnst á kirkju eða bænhús að Hofstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem var skráð árið 1710. Þá bjó leiguliði á Hofstöðum en jörðin var í eigu bóndans að Kirkjubóli á Bæjarnesi í Múlahreppi. Fram kemur að nægan skóg sé að finna í landi Hofstaða til að gera til kola og brúka til eldiviðar en torfrista og stunga sé svo til engin[30]. Engjar séu engar nema í rjóðrum um skóginn, landþröng sé og vatnsból bregðist stundum á veturna[31]. Hofstaðir hafa löngum vakið athygli fræðimanna og þá sérstaklega vegna nafnsins sem gefur í skyn að hof hafi verið staðsett þar og ekki síst heimilda um hofið í Landnámu. Kristian Kålund er fyrsti fræðimaðurinn sem heimsækir Hofstaði sem vitað er um en hann kom þangað þegar hann ferðaðist um landið árið 1872-74. Hann hafði mikinn áhuga á

27 *Íslenzk fornrit XIII Harðar saga.* Reykjavík 1991:177

28 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. VII. 1903-1907:114

29 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. VII. 1903-1907:567.

30 *Íslenzk fornrit I Íslendingabók og landnáma.* Reykjavík 1968, 154.

31 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala-og Barðastrandarsýsla, 209

íslendingasögum og vildi finna staði sem getið var í þeim. Þegar hann kom á Hofstaði hafði hann Þorskfirðingasögu að leiðarljósi. Lýsir hann þeim minjum sem hann sá og skoðaði örnefni[32]. Rúmlega tveimur áratugum síðar kemur á Hofstaði Brynjúlfur Jónson fornfræðingur á vegum Hins íslenzka fornleifafélags. Brynjúlfur kom að Hofstöðum árið 1898 og með honum var Daniel Bruun fornfræðingur sem kom til Íslands í rannsóknarleiðangra og gerði fornleifarannsóknir sem allar tengjast í Íslendingasögunum. Brynjúlfur taldi líklegt að á bænhúshól hafi verið reist kirkja upp úr hoftóftinni og hringlaga gerðið í kring væri kirkjugarðurinn[33]. Engar heimildir eru um kirkju á Hofstöðum og ekki minnst á hana í Jarðabók Árna og Páls en oft var minnst á fornar kirkjur og bænhús þar[34]. Matthías Þórðarson kom næstur fræðimanna að Hofstöðum en þar telur hann upp þær minjar sem eru þar. „...lítil, ferhyrnd, en mjög hlaupin í þúfur. Umhverfis hana er kringlóttur garður, nokkuð upphækkaður, og margar þúfur, ílangar, í honum, sem kunna að vera gömul leiði.“ Suðvestur af bænhústóftinni á svokallaðri Hofflöt taldi Matthías að hægt væri að greina hoftóftina, mjög óljósa. Hana segir Matthías vera 20 2/3 x 6 1/4 m stóra, snúa SV-NA og líklega með opi í suðvesturenda[35]

Árið 1930 friðlýsir Matthías svo minjarnar á Hofstöðum. Í friðlýsingarskrá frá 1990 segir: „Hoftóft„ svo nefnd, í túninu, á flöt vestur frá bænum. b. „Veizlusalstóft“, er svo nefnist, skammt frá „hoftóftinni“. c. „Hallshaugur“, svo kallaður, lítill hóll, flatur að ofan, norðan við hinn forna túngarð. d. Bænhústóft, í norðaustur frá hoftóftinni og kringlóttur garður um. e. Rauðsdalsrúst; er hún í litlum dal (Rauðsdal), milli Hofstaða og Berufjarðar.[36]

Í örnefnaskrá Hofstaða segir: „Beint niður af bæ er Hofflöt og á henni Hoftóft, sem enn sést fyrir. Matthías Þórðarsson taldi þetta hoftóft og aðra tóft, er var suðaustur af henni, taldi hann hafa verið veislusal." S.E. [Samúel Eggertsson örnefnasafnari] kallar hana Veizlutóft, en að sögn Ragnars [Sveinssonar bónda á Hofstöðum] var hún ekki kölluð neitt í daglegu tali. Þetta voru þúfur efst í Tuttuguálnavelli og mótaði fyrir garði öðru megin. Að sögn S.E. var tóftin u.þ.b. 18x7 metrar að stærð. Þetta hefur nú verið sléttað.

32 Kålund, K. Íslenskir sögustaðir II. Vestfirðingafjórðungur, 136.
33 Brynjúlfur Jónsson.1899:13.
34 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala-og Barðastrandarsýsla, 209
35 Matthías Þórðarson.1944:44.
36 Ágúst Ó. Georgsson. 1990:33.

Þarna mun hafa verið einhver önnur tóft, sem líka hefur verið sléttað yfir. Er nú íhvolft, þar sem hún var, síðan sléttan fór að síga[37].

Áhugi manna hefur því lengi verið á minjum á Hofstöðum í Þorskafirði. Það var svo árið 2006 að fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands (SES) hófu fornleifarannsóknir á þeim minjum sem hafa vakið áhuga manna frá því á 19. öld.

Rannsókn Fornleifastofnunar fól í sér að kanna Hoftóft og Bænhústóft. Rannsóknin á Bænhúshól staðfesti að kirkja hefði verið á Bænhúshól og fundust grafir og rústir af kirkju í miðjum garðinum. Ljóst var hinsvegar að fleira en eitt byggingastig var á svæðinu og var til að mynda ein gröf sem var að hluta undir vegg frá yngsta byggingarstiginu[38]. Ekki er óalgengt að kirkjur og bænhús hafi verið notuð í annað þegar húsin voru aflöng og jafnvel önnur hús byggð ofan á kirkjum síðar en benda rannsakendur á að frekari rannsókna sé þörf til að kanna þessi byggingarstig frekar og notkun húsanna[39]. Þess má geta að á bænum Stóru Seylu í Skagafirði var grafinn upp kirkjugarður sem hafði verið færður fyrir 1104 og ofan á bænhúsinu hafði síðar verið gerð smiðja[40]. Auk rannsóknar á bænhústóftinni gerði Forleifastofnun rannsókn á hinni meintu hoftóft en í ljós kom að hin meinta rúst var ekki manngerð[41].

Þrátt fyrir að ekki hafi fundist minjar um hof eða veisluskála á Hofstöðum er alls ekki útilokað að þær minjar séu undir sverði. Örnefni benda oft og iðulega til fornleifa og um allt land er að finna Hofstaði og hafa tveir þeirra verið grafnir upp, Hofstaðir í Garðabæ og Hofstaðir í Mývatnssveit.

Fornleifaskrá Hofstaðir

**Verkefnanúmer:** 1788-57

**Kort:** 2/13

**Jörð:** Hofstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-042:001

**Hlutverk:** Hofstaðir, bæjarhóll

**Tegund:** Bústaður

37 Örnefnaskrá Hofstaða.

38 Guðrún Alda Gísladóttir 2008:18.

39 Guðrún Alda Gísladóttir 2008:18.

40 Guðný Zoega. 2012:10.

41 Guðrún Alda Gísladóttir 2008:22.

**Staðsetning:** A: 354101 N: 564591

**Staðhættir:** Gamli bæjarhóllinn er um 50 m vestan við núverandi íbúðarhús á Hofstöðum sem er byggt á 8. áratugnum. Þétt austan við hólinn eru hesthús og er hrossum beitt á hólinn.

**Minjalýsing:** Bæjarhóllinn stendur í landi sem er frekar hæðótt og hallar lítið eitt til vesturs. Bæjarhóllinn er um 40x30 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, mörk hans eru óljós en upphleðslan er allavega um 2 m. Hóllinn er ójafn og má víða sjá í grjót í honum.

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-58

**Kort:** 5/13

**Jörð:** Hofstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-042:002

**Hlutverk:** Bænhúshóll

**Hlutverk:** Heimild um bænhús

**Staðsetning:** A: 354022 N: 564587

**Staðhættir:** Innan túns sést enn vel fyrir Bænhúshól, var honum þyrmt þegar túnið var sléttað á sínum tíma. Bænhúshóllinn er um 75 m norðvestur við núverandi íbúðarhús og rétt um 5 m norðvestur við gamla bæjarhólinn.

**Minjalýsing:** Hóllinn er næstum hringlaga, um 1-1,5 m hár, frekar flatur að ofan en þýfður, um 24 m í SV-NA og 20 m í NV-SA. Ekki var hægt að greina áreiðanlegar tóftaleifar í þýfinu á yfirborðinu en þó mátsjá móta fyrir húsþúst á miðjum hólnum. „Lag bænhúshólsins minnir því óneitanlega á miðaldakirkjugarða með bænhúsi/kirkju í miðju“[42].

**Hættumat:** Utan svæðis.

42 Guðrún Alda Gísladóttir 2008:16.

# Þórisstaðir

Saga Þórisstaða

Þórisstaðir bæjarhóll býli: „1805 eru eyðijarðirnar Þórisstaðir og Krínkilstaðir hafðar til beitar."[43]. „Þórisstaðir er næstaustasta jörð í Gufudalssveit. Bærinn er í hlíðinni, er hallar austur til Þorskafjarðar. Jörðin dregur nafn af Gull-Þóri, er hér bjó, sbr. Þorskfirðinga sögu. Ekki er svo getið byggðar hér um langan aldur, en 1703 (?) er þetta talið gamalt eyðibýli, sem þó beri greinileg merki um byggð. Síðan er jörðin aftur byggð um miðja 19. öld."[44]. „Þórisstader. Fornt eyðiból hjer í landinu inn frá bænum, þar sem nú er brúkuð selstaða frá Gröf. Þar sjest ljós byggingamerki af tófta og girðíngaleifum, en ekki hefur þar búið verið frá gamalli tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er uppblásið í grasleysumóa. Þar með er heyskapur enginn þar nálægt. Heimajörðin má ekki selhagann án vera."[45].

Fornleifaskrá Þórisstaðir

**Verkefnanúmer:** 1788-59

**Kort:** 8/13

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 033

**Jörð:** Þórisstaðir

**Tegund:** Bæjarhóll/Býli

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Staðsetning:** A:353036 N: 566587

**Staðhættir:** Rétt áður en komið er að þeim stað þar sem að þjóðvegurinn beygir upp hálsinn á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar er bæjarstæði Þórisstaða. Bæjarstæðið er í u.þ.b. 60 m vestur af miðlínu núverandi þjóðvegar.

**Minjalýsing:** Bæjarhóllinn er greinilegur og stendur upp úr túninu. Rústir eru ekki mjög greinilegar á hólnum. Bæjarhólinn er 31 m á lengd N-S og 12 m á breidd A-V.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-60

**Jörð:** Þórisstaðir

---

43 Johnsen,1847: 56

44 Örnefnaskrá Þórisstaða

45 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala-og Barðastrandarsýsla, 1921:218

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 034

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ekki hnitsett

**Staðhættir:** Þjóðsaga segir þennan klett huldufólksbústað, kallaður Stapaklettur. "Undir hvolfinu og Stapahjallanum, rétt við götuna, sem liggur heim, er klettastaði allhár, nefndur Stapi. Blindbeygja er á veginum fyrir ofan við klettinn, sem hefði ekki þurft að verða, ef kletturinn hefði verið sprengdur. En Lýður Jónsson vegavinnustjóri vildi ekki raska klettinum, af því að talið var, að huldufólk byggi í honum." [46]

**Minjalýsing:** Náttúruminjar.

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-61

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 035

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ekki hnitsett

**Staðhættir:**"Rétt innan við Stapann, nær bænum, er grashvammur neðan við götuna. Í honum var stekkur, enda heitir hvammurinn Stekkur."[47]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-62

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:**BA-48: 036

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ekki hnitsett

**Staðhættir:** "Fyrir ofan tún er klettahjalli nokkuð stór; nær heim undir tún og upp undir Seljafellsbrún og heitir Bólhjalli. Undir honum eru gamlar Kvíar." [48]

---

46 Örnefnaskrá Þórisstaða.

47 Guðrún Alda Gísladóttir 2008:16.

48 Örnefnaskrá Þórisstaða.

**Hættumat:** Utan svæðis

**Verkefnanúmer:** 1788-63

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 037

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ekki hnitsett

**Staðhættir:** „Bæjarlækurinn rennur um mitt túnið og kemur ofan úr Löngubrún og Seljadal, er síðar getur, og fellur til sjávar um dæld eina neðst í túninu sem heitir Hvammur. Um Hvamminn liggur vegurinn. Innanverðu við túnið er klettabelti, og þar í skarði er fjárrétt, sjálftilbúin að mestu."[49].

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-64

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 038

**Hlutverk:** Heimild

**Tegund:** Lending

**Staðsetning:** Ekki hnitsett

**Staðhættir:** „Utar, mitt á milli Bæjarlæks og Fremragils, er Skipatangi, klettatangi, þar var lending og má enn sjá naustið."[50].

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:**1788-65

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 039

**Hlutverk:** Heimild

**Tegund:** Naust

**Staðsetning:** Ekki hnitsett

49 Örnefnaskrá Þórisstaða.

50 Örnefnaskrá Þórisstaða.

**Staðhættir:** „Utar, mitt á milli Bæjaklæks og Fremragils, er Skipatangi, klettatangi, þar var lending og má enn sjá naustið."[51]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:**1788-66

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar :**BA-48: 040

**Hlutverk:** Gvendarbrunnur/Náttúruminjar

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Utan til við Bæjarlæk er smáhvolf í bakkana, grasi vaxið, nefnt Kringla. Upp og inn af Kringlu, utarlega í túnjaðrinum og neðarlega, er uppsprettulind, sem sá góði Gvendur biskup vígði á sinni tíð og heitir Gvendarbrunnur."[52]

**Hættumat:** Innan svæðis þar sem náma verður.

**Verkefnanúmer:** 1788-67

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar :**BA-48: 041

**Hlutverk:** Búlkárnes, dys

**Tegund:** Legstaður

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Skammt fyrir utan Kringlu, nær Birgistanga, er Deddulaut. Birgistangi er mjög blásin sandeyri, sem gengur fram í sjóinn nokkuð utan við Kringlu. Þar var lambabyrgi (og líka naust, S.Á.A). Þetta mun vera Búlkárnes, sbr. Þorskfirðingasögu. Þarna á sandinum eru fjórir reitir um 6 feta langir og allir eins í laginu, e.t.v. Leifar forndysja (Á.A.man eftir dysjum á Búlkáreyri, en ekki á Birgistanga; telur þó, að þær geti vel verið þar líka)."[53] Í Barðstrendingabók segir: „Í Búlkárnesi ruddi Gull Þórir skip sitt, er hann fluttist að Þórisstöðum. Þá börðust þeir þar á eyrinni Þórir og Hallur frá Hofi. Féllu þar fjórir og munu þeir þar grafnir. Til skamms tíma mun hafa sést til þess merki.

51 Örnefnaskrá Þórisstaða.

52 Örnefnaskrá Þórisstaða.

53 Örnefnaskrá Þórisstaða.

Nú er eyrin brotin af nokkru og kölluð Birgistangi, en enginn vafi er á því, að það er Búlkárnes sem sagan greinir frá.“ [54]

**Minjalýsing:** Hinar meintu dysjar fundust ekki við vettvangsathugun en svæðið er mjög skógi vaxið. Miðað við lýsingu er þetta utan veglínu og námu en fara þarf gætilega á þessu svæði. Dagana 24.-25. ágúst 1974 skoðuðu fornleifafræðingarnir Guðmundur Ólafsson og Mjöll Snæsdóttir svæðið og fundu engar vísbendingar um hinar meintu grafir.[55]

**Hættumat:** Minjar hafa ekki fundist en eru á hættusvæði.

**Verkefnanúmer:** 1788-68

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:**BA-48: 042

**Hlutverk:** Gullhóll dys

**Tegund:** Legstaður

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Beint upp af bænum, fyrir ofan garð, innan við bæjarlækinn, er afar fornleg tóft. Í hærri enda tóftarinnar er afar stór steinn. Gömul munnmæli herma, að þetta mannvirki sé leiði Ingibjargar, konu Gull-Þóris. Hóll þessi heitir Gullhóll." [56].

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-69

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar :**BA-48: 043

**Hlutverk:** bústaður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** "Þórður Þorsteinsson, sem eitt sinn bjó á Þórisstöðum, byggði lítinn bæ yfir sig og konu sína frammi í túni, en nú hefur hann verið sléttaður. Á.A. man ekki, hvað bær þessi eða kofi var kallaður, en segir hann hafa eitthvert nafn. Á.A. segir, að byrgi Gull-

54 Kristján Jónsson 1942:36.

55 Ástvaldur Guðmundsson. Lýður Björnsson.2012:46.

56 Örnefnaskrá Þórisstaða.

Þóris hafi fundist í neðstu flötinni í túninu sem nú nær alveg niður að vegi, fyrir nokkrum árum."[57].

**Minjalýsing:** Ekki er vitað nákvæmlega hvar þessi bær stóð enda hefur verið sléttað yfir þar. Það er líklegt að svæðið sé í túninu þar sem vegurinn á að vera.

**Hættumat:** Mikil hætta. Verður að gera könnunarskurði í túninu þar sem vegurinn á að liggja þar sem of margar heimildir eru um minjar í túninu.

**Verkefnanúmer:** 1788-70

**Kort:** 8/13

**Jörð:** Þórisstaðir

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Garður

**Staðsetning:** A: 353049 N: 566451

**Staðhættir:** ,Rétt neðan við veginn upp Hjallaháls.

**Minjalýsing:** Í túninu rétt neðan við þjóðveginn er garðlag. Garðurinn er um 1 m á breidd og 30 cm á hæð og með öllu ógróinn. Garðurinn er 72 m á lengd.

**Hættumat:** Hætta.



**Mynd 28.** *Garðlag neðan við núverandi veg við Þórisstaði.*

**Verkefnanúmer:** 1788-71

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 044

**Hlutverk:** Seljadalur heimild

**Tegund:** Sel

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Neðan við Löngubrún er Seljadalur. Bílvegurinn liggur upp og fram Seljadal. Þar sem vegurinn liggur fram úr dalnum, er Mógrafarsel alveg við hann. Á svipuðum slóðum fram af í Seljadal á Bæjarlækurinn upptök sín. Hann rennur milli Miðaftanshnúks og Seljafells."[58].

57 Örnefnaskrá Þórisstaða.

58 Örnefnaskrá Þórisstaða.

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-72

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:**BA-48: 045

**Hlutverk:** Mógrafarseil náma

**Tegund:** Mógrafir

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Neðan við Löngubrún er Seljadalur. Bílvegurinn liggur upp og fram Seljadal. Þar sem vegurinn liggur fram úr, er Mógrafarseil alveg við hann. Á svipuðum slóðum fram af, í Seljadal á Bæjarlækurinn upptök sín. Hann rennur milli Miðaftanshnúks og Seljafells."[59]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-73

**Kort:** 8/13

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 062

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 353158 N: 566444

**Staðhættir:** Túngarður hlaðinn úr grjóti er sýnilegur bæði vestan og sunnan megin við bæjarstæðið. Túngarðurinn nær niður fyrir þjóðveg og hverfur svo.

**Minjalýsing:** Garðurinn er grjóthlaðinn og mismunandi hár og er oftast um 1 m á breidd.

**Hættumat:** Hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-74

**Kort:** 8/13

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:**BA-48: 063

**Hlutverk:** Útihús



**Mynd 29.** *Rústin er í forgrunni á myndinni.*

59 Örnefnaskrá Þórisstaða.

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 353070 N: 566470

**Staðhættir:** Í u.þ.b. 50 m vestur af bæjarstæðinu er lítil torfhlaðin ferhyrnd rúst sem stendur vestan við rúst.

**Minjalýsing:** Rústin er lítill eða um 4x2 m að innanmáli. Hæð veggja er 1 m. Ekki er langt síðan rústin var í notkun því inn í henni er fallið þak úr bárujárni.

**Hættumat:** Lítil hætta vegna veglagningar en þarf að merkja ef vinnubúðir verða settar þarna upp.




**Verkefnanúmer:** 1788-75

**Kort:** 8/13

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 066

**Hlutverk:** Gerði

**Tegund:** Rétt

**Staðsetning:** A: 352967 N: 566253

**Staðhættir:** Í u.þ.b. 350 metra suður af bæjarstæði Þórisstaða er ferhyrnd rétt. Réttin er alveg við enda á syðsta túninu.



**Mynd 30.** *Rétt sem stendur við túnjaðarinn.*

**Minjalýsing:** Rústin er 15x10 m að ummáli. Sér vel í grjóthleðslur á langhlið en aðrar hliðar eru grónar. Tvö op eru á réttinni og hugsanlega er annað þeirra vegna hruns. Veggir eru hæstir um 0,7 m.

**Hættumat:** Mikil hætta




**Verkefnanúmer:** 1788-76

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 046

**Hlutverk:** Krínkilsstaðir býli

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:**„Krinkillstader. Annad eyðiból í þessari jarðar landi, á. Hlíðinni út frá bænum. Þar sjest lítið til byggingaleifa af tóftarústum, en girðingar öngvar. Eru það þó almennileg munnmæli, að þar hafi bygð verið. Ekki má hjer bygð setja, því túnstæðið er nú komið í skóg og lýngmosamóa. Heyskapur er og alls enginn þar nálægt."[60].

**Minjalýsing:** Ekki er vitað hvar þetta bæjarstæði var og er það komið undir skóg um 1700. Þarf að fylgjast með eftir að skógur hefur verið ruddur.

**Hættumat:** Ókunnugt

60 Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi.1981:218

**Verkefnanúmer:** 1788-77

**Kort:** 2/13

**Jörð:** Þórisstaðir

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 077

**Hlutverk:** Nátthagi

**Tegund:** Garður/gerði

**Staðsetning:** A: 352392 N: 565741

**Staðhættir:** Farið er eftir afleggjaranum að Gröf í vesturátt í u.þ.b. 500 m. Þá er komið að litlum slóða sem liggur inn í skóginn norðan við afleggjarann. Þar svo til beint upp af í u.þ.b. 134 m fjarlægð er stór nátthagi.



**Mynd 31.** *Nátthaginn er stór með hlöðnum garði allt í kring.*

**Minjalýsing:** Nátthaginn er hlaðinn úr torfi og grjóti og er um 50x29 m að ummáli.

**Hættumat:** Þarf að merkja vegna framkvæmda við jarðgöng.

# Gröf

Saga Grafar

Fyrstu heimildir um Gröf eru í Þorskfirðingasögu en þar segir; „Þessir menn fóru til Íslands með Hallsteini: Hrómundr, er síðan bjó í Gröf."[61].

Grafar getur ekki í heimildum næstu aldir. Jörðin er ekki nefnd í máldag Gufudalskirkju frá 1238 og ekki heldur í yngri máldögum hennar. Skýringin er sú að hálfkirkja var í gröf og tíund og tollur því teknir heima.[62] Í jarðabók Árna og Páls segir: „Hálfkirkja eður bænhús er hjer og messað þá heimamenn gánga til altaris". [63] 1805 eru eyðijarðirnar Þórisstaðir og Krínkilstaðir hafðar til beitar[64].

61 Ísl.sög. IV., Þorskfirðinga saga,1981: 337.

62 Ástvaldur Guðmundsson, Lýður Björnsson.2012:48.

63 Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi.1981:217.

64 Johnsen,J.1847:46

Fornleifaskrá Gröf

**Verkefnanúmer:** 1788-78

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 001

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Bæjarhóll

**Staðsetning:** A: 351608 N: 564430



**Mynd 32.** *Sléttaður bæjarhóll Grafar.*

**Staðhættir:** „Gamli bærinn stóð á bæjarhól. Enn neðar er álíka hóll, með brekku móti austri, sem nefndur er Smiðjuhóll. Út og niður í túninu, talið frá gamla bænum hafði verið bænahús. Markaði þar fyrir garðlagi. Frá Smiðjuhól og að hesthúsatóft, sem var neðst í túninu, var Smiðjuvöllur, og samhliða honum, heldur neðar, var túnstykki, sem metið var á tuttugu álnir og nefnt var Fimmauri." [65] „Bærinn var með fjórum burstaþiljum mót suðri. Austast var skemma með heilum þilgafli, næst kom búr með hálfu þili og tveggja rúðu glugga á stafni. Þar næst komu bæjardyr með heilu þili og glugga upp yfir dyrunum, því þar var dyraloft. Þar næst kom baðstofan með þilgafli, sem náði ekki alveg niður að jörð, var smábekkur, sem hægt var að sitja á. Sex rúðu gluggi var á þilinu niðri og fjögra rúðu uppi. Við hlið baðstofunnar kom svo mjótt sund, sem hægt var að ganga eftir, og þar næst eldiviðakofi. Því næst kom annað sund, sem var breiðara, og var það farið með hesta og kýr. Því næst kom kálgarður allstór, en fyrir neðan hann var gamall kálgarður ekki minni, sem var bara tótt, sá fyrri veggjum og beðum."[66]

**Minjalýsing:** Gamli bærinn stóð vestar en núverandi íbúðarhús. Hann hefur verið rifinn og sléttað yfir staðinn. Sést ekki til fornleifa. Mjög líklegt að eldri minjar séu undir sverði þar sem aðeins þær yngstu voru sléttaðar.

**Hættumat:** Mikil hætta. Mögulegt framkvæmdasvæðið nær inn á bæjarhólinn.

65 Örnefnaskrá Grafar.

66 Viðbætur við Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-79

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 002

**Hlutverk:** Bænhús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351622 N: 564417

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Þar var komið bænhús fyrir 1238, og messað var þar öðru hverju fram yfir 1840. Var tekið af með konungsbréfi 1847".[67] Í athugasemdum Sigurborgar Hjartardóttur við örnefnaskrá segir einnig: „á milli smiðjutóttar og baðstofugaflsins var ógreinileg tótt, sem sennilega er bænhústóttin."[68] „Í beinni stefnu frá bænhústóttinni voru nokkrar þúfur, sem allar sneru frá austri til vesturs, og mun það hafa verið grafreitur frá bænhúsinu, man ekki hversu margar þær voru, en alltaf fimm til átta."[69] Í jarðabók Árna og Páls segir "Hálfkirkja eður bænhús er hjer, og messað þá heimamenn gánga til altaris." [70]

**Minjalýsing:** Enginn merki sjást um bænhúsið eða kirkjugarð en samkvæmt lýsingu þá gæti bænhúsið hafa verið 20 m austan við bæjarhólinn.

**Hættumat:** Mikil hætta. Líklegt er að kirkjugarðurinn hafi verið þar sem vegur er fyrirhugaður.

**Verkefnanúmer:** 1788-80

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 032

**Hlutverk:** Legstaður/kirkjugarður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351620 N: 564420

67 Örnefnaskrá Grafar.

68 Örnefnaskrá Grafar.

69 Viðbætur við Örnefnaskrá Grafar.

70 Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi. 1981:217

**Staðhættir:** "Í beinni stefnu frá bænhústóttinni voru nokkrar þúfur, sem allar sneru frá austri til vesturs, og mun það hafa verið grafreitur frá bænhúsinu, man ekki hversu margar þær voru, en alltaf fimm til átta."[71]

**Minjalýsing:** Hefur verið sléttað. Engin merki sjáanleg eftir kirkjugarðinn á yfirborði.

**Hættumat:** Mikil hætta. Kirkjugarðurinn er í vegstæðinu.

**Verkefnanúmer:** 1788-81

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 002

**Hlutverk:** Smiðja

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351613 N: 564444

**Staðhættir:** „Gamli bærinn stóð á Bæjarhól. Enn neðar er álíka hóll, með brekku móti austri, sem nefndur er Smiðjuhóll. Út og niður í túninu, talið frá gamla bænum hafði verið bænahús. Markaði þar fyrir garðlagi. Frá Smiðjuhól og að hesthúsatóft, sem var neðst í túninu, var Smiðjuvöllur, og samhliða honum, heldur neðar, var túnstykki, sem metið var á tuttugu álnir og nefnt var Fimmauri." [72]

**Minjalýsing:** Smiðjan sést ekki á yfirborði og hefur líklega verðið sléttað yfir hana.

**Hættumat:** Mikil hætta. Samkvæmt lýsingu hefur hún verið í vegstæði og því hugsanlega minjar undir yfirborði. Hnit tekið samkvæmt lýsingu.

**Verkefnanúmer:** 1788-82

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 004

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir:** „Gamli bærinn stóð á Bæjarhól. Enn neðar er álíka hóll, með brekku móti austri, sem nefndur er Smiðjuhóll. Út og niður í túninu, talið frá gamla bænum hafði

71 Viðbætur við Örnefnaskrá Grafar.

72 Örnefnaskrá Grafar.

verið bænahús. Markaði þar fyrir garðlagi. Frá Smiðjuhól og að hesthúsatóft, sem var neðst í túninu, var Smiðjuvöllur, og samhliða honum, heldur neðar, var túnstykki, sem metið var á tuttugu álnir og nefnt var Fimmauri." [73]

**Minjalýsing:** Sést ekki lengur á yfirborði en hefur líklega verið nærri vegstæði.

**Hættumat:** Mikil hætta

**Verkefnanúmer: 1788-83**

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 006

**Sérheiti:** Urðarhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A:351598 N: 564389



**Mynd 33.** *Rústir af hesthúsi sem reist hefur verið inn í fjárhúsrúst.*

**Staðhættir:** „Út frá bæ var kálgarður og lægð utan við hann, sem hét Kálgarðslaut. Utan við þessa laut út að urðunum utan túns, er síðar getur, var Urðarhúshóll, dálítið hár og langur hóll. Á Urðarhúshól var tóft eftir hús, sem hafði verið kallað Urðarhús. Þetta hafði verið fjárhús og hlaða, en var aðeins tóft þegar Sigurborg man eftir, þá stundum notað sem rétt. Tóftin var alveg út við urðina undir Bæjarfellinu, en þó innan túns. Annað hús hafði löngu fyrr verið fyrir neðan þetta, en var aðeins gróin tóft. Urðarhúshóll náði að götu, sem lá fyrir neðan hólinn og út í urðina."[74]

**Minjalýsing:** Rústin hefur verið fjárhús og hlaða en hús hefur verið byggt í rústina síðar og er það hús að hruni komið. Sjá má rústina allt í kringum þennan kofa. Veggir eru hæstir 140 cm. Veggir eru gerðir úr torfi og grjóti. Nokkuð slétt svæði er fyrir framan rústina í annars mjög þýfðu landi. Rústin er eina húsið sem enn stendur á bæjarhólnum.

**Hættumat:** Mikil hætta.

73 Örnefnaskrá Grafar.

74 Örnefnaskrá Grafar.




**Verkefnanúmer:**1788-84

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 351604 N: 564376

**Staðhættir:** „Út frá bæ var kálgarður og lægð utan við hann, sem hét Kálgarðslaut. Utan við þessa laut út að urðunum utan túns, er síðar getur, var Urðarhúshóll, dálítið hár og langur hóll. Á Urðarhúshól var tóft eftir hús, sem hafði verið kallað Urðarhús. Þetta hafði verið fjárhús og hlaða, en var aðeins tóft þegar Sigurborg man eftir, þá stundum notað sem rétt. Tóftin var alveg út við urðina undir Bæjarfellinu, en þó innan túns. Annað hús hafði löngu fyrr verið fyrir neðan þetta, en var aðeins gróin tóft. Urðarhúshóll náði að götu, sem lá fyrir neðan hólinn og út í urðina."[75]

**Minjalýsing:** Ekki fundust merki um þessa grónu tóft sem þarna er lýst og gæti hún hafa verið sléttuð eða horfin í þúfur.

**Hættumat:** Mikil hætta. Miðað við lýsingu er þessi rúst í vegstæði Þ-H.

75 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-85

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 007

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351574 N: 564341

**Staðhættir:** „Út frá bæ var kálgarður og lægð utan við hann, sem hét Kálgarðslaut. Utan við þessa laut út að urðunum utan túns, er síðar getur, var Urðarhúshóll, dálítið hár og langur hóll. Á Urðarhúshól var tóft eftir hús, sem hafði verið kallað Urðarhús. Þetta hafði verið fjárhús og hlaða, en var aðeins tóft þegar Sigurborg man eftir, þá stundum notað sem rétt. Tóftin var alveg út við urðina undir Bæjarfellinu, en þó innan túns. Annað hús hafði löngu fyrr verið fyrir neðan þetta, en var aðeins gróin tóft. Urðarhúshóll náði að götu, sem lá fyrir neðan hólinn og út í urðina[76]."

**Minjalýsing:** Ekki sáust merki um þessa leið en hnit tekið þar sem líklegt er að hún hafi verið samkvæmt lýsingu.

**Hættumat:** Hætta vegna veglagningar Þ-H.

**Verkefnanúmer:** 1788-86

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 008

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Rúst

**Staðhættir:** „Bæjarlækurinn rennur að mestu sunnan við bæjarstæðið. Framan við lækinn eru húsatættur, og gata neðan við þær. Tungan sem lækurinn og gatan mynda, heitir Lækjartunga."[77]

**Minjalýsing:** Minjar þessar fundust ekki við vettvangsathugun.

**Hættumat:** Óvissa.

76 Örnefnaskrá Grafar.

77 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-87

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 011

**Sérheiti:** Fremstahús,

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:**A: 351601 N: 564514



**Mynd 34**. *Grónar rústir útihúss sem líklega er Fremstahús.*

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: "Húsflatir eru í túni, ofan við Miðgötur. Á þeim stóðu húsin, Fremstahús, Leighús og Lambhús[78]. Upp í brekkunni, beint ofan við núverandi íbúðarhús í Gröf eru nokkur útihús í röð. Fremsta húsið sem hefur verið næst gamla bænum er líklega það sem í örnefnaskrá er kallað Fremstahús.

**Minjalýsing:** Rústin er úr torfi og grjóti en aðeins grjóthleðslur í veggnum sem snúa inn í rústina. Tveir grjóthlaðnir garðar eru inn í rústinni. Hæstir eru veggirnir um 150 cm. Framan við rústina er trjálundur með 4-5 m háum trjám sem þrífast vel í jarðvegi sem hefur verið útmokstur úr fjárhúsunum.

**Hættumat:** Þarf að merkja.




[78] Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:**1788-88

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 011

**Sérheiti:** Leighús

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir:** A: 351617 N: 564533



**Mynd 35.** *Grónar rústir- Leighús* .

**Staðsetning:** Í örnefnaskrá segir: „Húsflatir eru í túni, ofan við Miðgötur. Á þeim stóðu húsin, Fremstahús, Leighús og Lambhús."[79] Upp í brekkunni, beint ofan við núverandi íbúðarhús í Gröf eru nokkur útihús í röð. Húsið sem líklega er það sem kallað er Leighús er 21 m frá Fremstahúsi.

**Minjalýsing:** Húsið er fjárhús með hlöðu að aftan. Framan við hlöðuna eru tvö rými og garður á milli, hlaðinn úr grjóti. Innangengt hefur verið úr báðum rýmum inn í hlöðuna. Veggir eru mjög grónir en sér í grjót. Veggir eru um 1 m á hæð þó smá hluti sé 1,50 m. Timburgafl hefur verið á húsinu.

**Hættumat:** Þarf að merkja.




79 Örnefnaskrá Grafar.


**Mynd 36.** *Síðustu greinilegu útihúsarústirnar ofan við túnið í Gröf.*

**Verkefnanúmer:** 1788-89

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Sérheiti:** Lambhús

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351641 N: 564586

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Húsflatir eru í túni, ofan við Miðgötur. Á þeim stóðu húsin, Fremstahús, Leighús og Lambhús."[80]

**Minjalýsing:** Rústin er tvö hólf og er annað mun minna í enda. Veggir rústarinnar eru mjög háir en mikið grónir. Rústin er með op út á fjörðinn. Fast við þessa rúst er önnur. Hæð veggja er hæst um 1,7 m. Hugsanlega er um að ræða lambhúsið sem getið er um í örnefnaskrá og minna hólfið til að skilja lömb frá ám. Við hliðina er annað hús sem skráð er hér með vegna þess að rústirnar eru næstum alveg samhliða. Ekki var hægt að mæla hina rústina að innan vegna þess að tré hafði verið plantað í hana miðja.

**Hættumat:** Þarf að merkja.




80 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:**1788-90

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Staðsetning:** A: 351674 N: 564604

**Staðhættir:** Um 19 metra frá rúst [89] er þúst.

**Minjalýsing:** Þústin er mun grænni en umhverfið í kring og líklegt að þarna hafi staðið útihús. Ekki sér móta fyrir neinum veggjum eða hleðslum á þústinni sem er 23 m í ummál.

**Hættumat:** Þarf að merkja.

**Verkefnanúmer:** 1788-91

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 013.

**Hlutverk:** Fjóshóll

**Tegund:** Heimild fjós

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Við hliðina á Átjánálnavelli með læknum er lágur, langur hóll, nefndur Fjóshóll. Hann náði niður að Ferðamannagötu. Ferðamannagata var fast nafn á veginum út fjörðinn, og neðan hennar var svæði, sem nefnt var Þemba, en það er mýrlent stykki neðan til við Fjóshólinn."[81]

**Minjalýsing:** Ekki er vitað hvar þessi hóll var, líkleg nærri bæjarhólnum.

**Hættumat:** Óvissa.

**Verkefnanúmer:**1788-92

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 015

**Jörð:** Gröf

**Hlutverk:** Kvíaból

**Tegund:** Heimild kvíar

81 Örnefnaskrá Grafar.

**Staðhættir:**„Hából er milli túns og Dalaholts, en fram af Háabóli, upp af fremstu húsunum og Húsabrekkum, er Kvíaból. Á því eru Bólklettar. Milli Kvíabóls og Háabóls er Bólbrekka, og hluti af henni nefnist Kvíalaut."[82]
**Hættumat:** Ókunnugt.

**Verkefnanúmer:** 1788-93
**Jörð:** Gröf
**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 016
**Hlutverk:** Ekrur tóft
**Tegund:** Óþekkt
**Staðhættir:** „Þar niðri við sjóinn er láglendið nefnt Ekrur. Þar var áður sáð. Bakkarnir þar inn með firðinum heita Ekrubakkar. Á Ekrum voru einhverjar tóftir. Þar er nú allt grasi vaxið og skógi hulið. Bæjarlækurinn heldur sínu nafni alla leið til sjávar."[83]
**Minjalýsing:** Fannst ekki við vettvangsathugun.
**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-94
**Jörð:** Gröf
**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 017
**Hlutverk:** Dys legstaður
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** Ókunn
**Staðhættir:** „Upp af bænum og inn af Bæjarfelli er stórt og mikið klettafell, en heitir Hrómundarfell. Talið er, að það dragi nafn af Hrómundi, sem um getur í Þorskfirðingasögu og bjó í Gröf. Skarð er í miðjuna á Hrómundarfellinu og graslautar og þúfur. Sagt er, að Hrómundur sé dysjaður þar."[84]
**Hættumat:** Utan svæðis.

82 Örnefnaskrá Grafar.
83 Viðbætur við Örnefnaskrá Grafar.
84 Viðbætur við Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-95

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 018

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Mógrafir

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Bæjarlækurinn, sem fyrr er nefndur, kemur úr mörgum mosadýjum í dölunum, en þó mest úr Ystadal. Í honum var móstunga. Voru þrjár til fjórar skóflustungur af mó og þrjár af pysju efst. Þetta var góður mór. Hætt var að taka 1937-38."[85]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-96

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 019

**Hlutverk:** Gyrðisdalur bústaður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:**„Framarlega undir Hrómundarfelli er stór dalur, sem heitir Gyrðisdalur. Þar var býli eitt sinn, og sjást þar tættur. Er sagt, að þar hafi Gyrðir búið í fornöld, en hvergi finnst þess manns getið."[86]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-97

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 020

**Hlutverk:** Vörðulág varða

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Framan við Bingina við norðurenda fellsins (Hrómundarfells) er Vörðulág, sem dregst saman eins og skott. Er þá komið upp undir brún og fram að Grafarhálsvegi,

85 Örnefnaskrá Grafar.

86 Örnefnaskrá Grafar.

en það er gatan ofan af hálsinum. Hún liggur beint yfir frá Gröf, um Grafarháls og kemur á Hálsveg í Krossgiljum. Varða er á hálsbrún, upp af Vörðulaág."[87]
**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-98
**Jörð:** Gröf
**Staðsetning:** Ókunn
**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 021
**Hlutverk:** Grafarhálsvegur, leið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir:** „Framan við Bingina við norðurenda fellsins (Hrómundarfells) er Vörðulág, sem dregst saman eins og skott. Er þá komið upp undir brún og fram að Grafarhálsvegi, en það er gatan ofan af hálsinum. Hún liggur beint yfir frá Gröf, um Grafarháls og kemur á Hálsveg í Krossgiljum. Varða er á hálsbrún, upp af Vörðulág."[88]
**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-99
**Jörð:** Gröf
**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 022
**Hlutverk:** Hálsvegur, leið
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** Ókunn
**Staðhættir:** „Framan við Bingina við norðurenda fellsins (Hrómundarfells) er Vörðulág, sem dregst saman eins og skott. Er þá komið upp undir brún og fram að Grafarhálsvegi, en það er gatan ofan af hálsinum. Hún liggur beint yfir frá Gröf, um Grafarháls og kemur á Hálsveg í Krossgiljum. Varða er á hálsbrún, upp af Vörðulág[89]."
**Minjalýsing:** Fannst ekki við vettvangsathugun.
**Hættumat:** Ókunnugt.

87 Örnefnaskrá Grafar.
88 Örnefnaskrá Grafar.
89 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:**1788-100

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 023

**Hlutverk:** Þrívörður vörður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Næstum því heiman frá bæ og upp að vegi liggur langur hryggur neðan við Vörðulág. Þetta eru melar og holt, lyngi og kjarri vaxin. Efri hluti þessa svæðis heitir Flatháls, og á honum eru Þrívörður, tvær saman og ein sér. Þær sjást vel og standa enn."[90]



**Mynd 37.** *Leið sem hugsanlega er hærri ferðamannagötur.*

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-101

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 024

**Sérheiti:** Miðgötur/Hærri Ferðamannagötur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 352085 N: 564855

**Staðhættir:** „Nokkuð neðan við Krókholt eru Hærri-Ferðamannagötur og Lægri-Ferðamannagötur. Þessar götur eru samhliða. Hærri-Ferðamannagötur voru líka nefndar Miðgötur og hinar Neðrigötur. Miðgötur voru fyrir þá, sem komu að Gröf og voru gangandi, Neðrigötur fyrir þá, sem fóru lengra og komu ekki við. Fjárgötur (sjá síðar) voru ofar. Allt svæðið milli gatna frá Kerlingargili og heim að bæ er skógur og melur. Nýi vegurinn liggur um Neðrigöturnar."[91]

**Hættumat:** Hætta. Veglína Þ-H liggur í gegnum göturnar.

90 Örnefnaskrá Grafar.

91 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-102

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 025

**Sérheiti:** Neðrigötur/fjárgötur/Lægri götur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 352100 N: 564720

**Staðhættir:** „Nokkuð neðan við Krókholt eru Hærri-Ferðamannagötur og Lægri-Ferðamannagötur. Þessar götur eru samhliða. Hærri-Ferðamannagötur voru líka nefndar Miðgötur og hinar Neðrigötur. Miðgötur voru fyrir þá, sem komu að Gröf og voru gangandi, Neðrigötur fyrir þá, sem fóru lengra og komu ekki við. Fjárgötur (sjá síðar) voru ofar. Allt svæðið milli gatna frá Kerlingargili og heim að bæ er skógur og melur. Nýi vegurinn liggur um Neðrigöturnar."[92]

**Minjalýsing:** Er líklega vegurinn að Gröf í dag.

**Hættumat:** Lítil hætta.

**Verkefnanúmer:** 1788-103

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 026

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn.

**Staðhættir:**"Þá verður tekið svæðið, sem er innan við Kerlingargil. Áin milli Þórisstaða og Grafar heitir Búlká. Hún er á merkjum jarðanna. Búlkeyri er Þórisstaðamegin við ána. Nes er þar við ána, er heitir Hnakkhólsnes. Í nesinu er tóft eftir eitthvað, ef til vill gamalt naust."[93]

**Hættumat:** Utan svæðis.

92 Örnefnaskrá Grafar.

93 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-104

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 027

**Hlutverk:** Stekkjarhamarsklettar

**Tegund:** Þjóðsaga, huldufólksbústaður

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Upp af Votuhjöllum er önnur hjallabrún, er liggur skáhalt ofan í átt til Grafar. Þetta er allhá brún, sem stundum var nefnd Stekkjarhamarsklettar, en oftast var talað um Stekkjarhamra. Það er löng klettaröð, og þar átti að búa huldufólk. Graslendi neðan þeirra á Votuhjöllum nær alveg fram að Búlká. Upp á Stekkjarhamarsklettum eru grasblettir allstórir, fram af Flathálsi, sem fyrr getur."[94]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-105

**Kort:** 9/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 028

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A: 351798 N: 564833



**Mynd 38.** *Stekkur í landi Grafar.*

**Staðhættir:** „Hjallar tveir, sem hvor um sig heitir Bekkur eru fyrir ofan bílveginn að Gröf. Annar er út við Kerlingargil, á móts við Leyni, en hinn fyrir innan Stekk og Stekkjarhamar. Ofan við Bekkinn móti Leyninum er mýri, sem heitir Stekkjarmýri." [95]

**Minjalýsing:** Stekkurinn er þrískiptur, annarsvegar hólf fyrir ær og innan af því er lambakró. Fyrir framan er svo bogadregin rétt. Stekkurinn með réttinni er 17x11 m og er opin í átt að fjalli. Hleðslur eru nokkuð háar í stekknum eða um 1,5 m og ógrónar en réttin framan við er lægri og gróin.

**Hættumat:** Utan svæðis.

[94] Örnefnaskrá Grafar.

[95] Örnefnaskrá Grafar.




**Verkefnanúmer:** 1788-106

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 029

**Hlutverk:** Naustavogur, naust

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Niður við sjóinn hér undan er Naustavogur. Sigurborg kannast ekki við annan vog en Bæjarvog. Við voginn er Naustanef, og á því er mjög gamalt naust. Utan við Naustavog er gríðarhár rani fram í sjóinn, sem heitir Byrgistangi. Á honum var lambabyrgi. Upp af honum er hóll, sem heitir Byrgishóll. Er af honum útsýn góð."[96]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-107

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 030

**Hlutverk:** Lambabyrgi, rétt

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Niður við sjóinn hér undan er Naustavogur. Sigurborg kannast ekki við annan vog en Bæjarvog. Við voginn er naustanef, og á því er mjög gamalt naust. Utan við Naustavog er gríðarhár rani fram í sjóinn, sem heitir Byrgistangi. Á honum var lambabyrgi. Upp af honum er hóll, sem heitir Byrgishóll. Er af honum útsýn góð."[97]

**Hættumat:** Utan svæðis.

96 Örnefnaskrá Grafar.

97 Örnefnaskrá Grafar.

**Verkefnanúmer:** 1788-108

**Kort:** 2/13

**Jörð:** Gröf

**Númer fyrri skráningar:** BA-48: 031

**Friðlýstar minjar**

**Hlutverk:** Grímkelsstaðir bústaður

**Tegund:** Heimild/Rústir

**Staðsetning:** A: 350604 N: 563192



**Mynd 39.** *Ógreinilegar rústir Grímkelsstaða.*

**Staðhættir:** „Grímkelsstaðaá er á merkjum móti Hallsteinsnesi. Innan við ána eru bæjarrústir mjög fornar og grasi grónar. Þær eru við veginn út að Hallsteinsnesi, upp undir Horninu. Voru þetta taldar rústir Grímkelsstaða, en þær eru sagðar kenndar við Grímkel, launson Hallsteins á Hallsteinsnesi. Fyrir nokkrum árum, líklega 1974-1975 (a.m.k. eftir 1970) kom mikill maðkur í skóginn innan til við Grímkelsstaðaá, svo að hann eyddist og fór í fauska. Þá kom í ljós graslendi, töðutún, og talsvert greinilegar tóftir, sem lækur rennur hjá. Tóftirnar eru beggja megin við lækinn og eins og vað á honum þar. Þessar tóftir eru niður undir Akranesi, og lækurinn rennur ofan í Akraneshvamminn. Þetta getur hafa verið Grímkelsstaðir."[98] "Líklega eru þarna ekki færri en 8 tóftarbrot, jafnvel fleiri og sumar mjög greinilegar, en vegna þess að svæðið er sums staðar nokkuð þýft er erfiðara að greina þær innan um kalið og hálffallnar skógarhríslur. Húsakynni þessi hafa yfirleitt verið lítil að flatarmáli, utanmál alla jafna á milli 5 - 8 metrar á kannt." [99]

**Minjalýsing:** Grímkelsstaðir eru í skógarkjarri. Hægt er að greina gamalt tún og víðsvegar um túnið eru ógreinilegar rústir a.m.k þrjár. Tvö friðlýsingarskilti eru á svæðinu við rústir. Greinilegasta rústin er við neðra friðlýsingarskiltið og er um 10-14 m löng rúst. Aðrar rústir eru aðeins veggjabrot og sést lítið móta fyrir öðru en hluta af veggjum eða görðum. Líklegt er að skógur sé yfir hluta af rústunum. Greinilegt er að þarna er fornt bæjarstæði.

**Hættumat:** Grímkelsstaðir eru utan við 100 m viðmið við vegstæði. Merkja þarf minjarnar vel til að koma í veg fyrir að vinnuvélar fari ekki nálægt túnstæðinu. Aðkoma tækja að nýju vegstæði má ekki vera nálægt túni Grímkelsstaða sem er að hluta til undir skógi. Fornleifafræðingur þarf að merkja svæðið.

98 Örnefnaskrá Grafar.

99 Breiðfirðingur, 32-33.árg., 1973-74.




## Hallsteinsnes

Saga Hallsteinsness

„Hallsteinn, sonr Þórólfs Mostrarskeggs, nam Þorskafjörð ok bjó á Hallsteinsnesi."[100] „Hallsteini Þórólfssyni þótti lítilmannligt at þiggja land at föður sínum, ok fór hann vestr yfir Breiðafjörð ok nam þar land ok bjó á Hallsteinsnesi."[101][1238] Máldagi Gufudalskirkju. „Item er þetta maldagi i Gufudal ad Brandur biskup wigdi wnder suo witt takmark ad tyunder liggia þar til. Fra Jllugastaudum vr skalmar firdi. Fra quindis firdi. Kirkiu boli. Bæ. Klett. Mula. Kalfa dal. Eyri. Gallttargia. Klaufa staudum. Skala nesi. Gufudal fremra. Af brecku. Grou nesi. Midhus[um]. Diupa dal. Barme Hallsteinsnesi. Af hiollum."[102][1498] Guðmundur Andrésson gefr og geldr Þorbirni Jónssyni til æfinlegrar eignar jarðirnar Kaldbak og Kleifar í Kallaðarnesskirkjusókn."...a hallsteinsnesi j gufudals kirkiusokn manudaginn næsta fyrir Matheus Messo um haustid..."[103][1506] Stefán biskup í Skálholti úrskurðar skóg þann allan, er Teigskógr er kallaður, millum Grímkelsár og Kleifar, fullkomna og æfinlega eign kirkjunnar á Stað á Reykjanesi."...þa agreining sem er i millvm kirkiunnar a stad a reykjanesi og þeirra sem bua á

100 Ísl.sög. I., Landnámabók.1968: 97

101 Ísl.sög. III., Eyrbyggja saga.1968:8

102 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn 11: 522

103 Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. VII. 1903-1907: 409-10

hallsteinsnesi vm skóg þann er teigskogur er kalladvr." Hallsteinsnes Dýrleiki 30 hundruð."1805 er eyðihjáleigan Flókastaðir talin með."[104]

Fornleifaskrá Hallsteinsnes

**Verkefnanúmer:**1788-109
**Kort:** 10/13
**Jörð:** Hallsteinsnes
**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 001
**Hlutverk:** Hallsteinsnes, býli
**Tegund:** Bæjarhóll
**Staðsetning:** A: 346234 N: 563449
**Staðhættir:** Fylgt er afleggjaranum sem liggur Djúpafjarðarmegin og er farið alveg yst á Hallsteinsnesið. Bærinn stendur undir fjallshlíðinni. Tvö hús hafa verið reist á bæjarstæðinu og hafa þau skemmt bæjarhólinn talsvert. Sést móta fyrir rústum af burstabæ og eru þrjú hús sýnileg sunnanmegin. Austanmegin hefur bæjarhóllinn verið eyðilagður við byggingu bárujárnshúss.
**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-110
**Jörð:** Hallsteinsnes
**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 002
**Hlutverk:** Smalakofi
**Tegund:** Heimild
**Staðsetning:** Ókunn
**Staðhættir:** „Framhaldið af Selkleifum ofan götu er nefnt Seltagl. Það er framhaldandi klettahamar upp á fjallsbrún; tekur þar við hrjóstrugur hæðarhryggur framundir Kvos, er síðar getur. Fremst eða efst á Seltaglinu má sjá leifar af hjásetubyrgi, enda þaðan hin besta yfirsýn yfir Teigshjalla og Teigsskóg." [105]
**Hættumat:** Utan svæðis.

104 Johnsen J.1847:46
105 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

**Verkefnanúmer:** 1788-111

**Kort:** 2/13, mynd 41

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 003

**Friðlýstar fornleifar**

**Hlutverk:** Flókavellir, býli

**Tegund:** Býli/sel

**Staðsetning:** A: 349087 N:563057



**Mynd 40.** *Tún, túngarður og rústir á Flókavöllum.*

**Staðhættir:** „Selið var býli, sem hét að fornu Flókavellir. Á Flókavöllum var haft í seli um síðustu aldamót [1900], og þar hafðir sauðir á vetrum og látnir liggja fyrir opnu húsi, sem allalgengt var með sauði. Þá bjó á Hallsteinsnesi Jóhann Frímann, faðir Gísla skipasmiðs á Bíldudal. Um 1880 hokruðu gömul hjón á Flókavöllum, Þorbjörg Einarsdóttir, langamma mín, og hennar maður, Björn Jónsson. Búskaparsaga þeirra varð mjög stutt þarna"[106] "Flókastader. Fornt eyðiból hjer í landinu á hlíðinni við Þorskafjörð, þar sem venjulega hefur brúkast selstaða frá jörðunni, og eru þar sýnileg byggingamerki af tóftarústum og byggingaleifum, en þó hefur þetta eyðiból ekki byggt hafa verið í 200 ár eður lengur. Ekki þykir mönnum líkegt að þetta megi byggjast, því túnstæði er mjög lítið, og heyskapurinn í sama máta þar nálægt nærri enginn."[107]

**Minjalýsing:** Á Flókavöllum er grjóthlaðinn túngarður í kring um lítið tún. Á túninu eru rústir af tveimur húsum, annað er fjárhús með hlöðu og hitt virðist vera lítill bær. Við hliðina á þessum rústum er töluvert stór þúst, sem er mikið grænni en umhverfið í kring og þar hafa líklega einhvern tímann staðið hús. Hugsanlegt er að fleiri og eldri minjar séu að finna innan túngarðs en túnið er mjög stórþýft í dag.

**Hættumat:** Mikil hætta. Framkvæmdasvæði við vegagerð nær að túngarði. Hnika þarf vegi til frá túngarðinum og merkja vel.

106 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

107 Árni Magnússon, Páll Vídalín, Jarðabók, VI.bindi.1921: 219.




**Mynd 41.** Rústir Flókavalla. Kort HBA.




**Mynd 42.** Eins og sést á þessari mynd eru rústirnar alveg við veglínu. Kort HBA.

**Verkefnanúmer:** 1788-112

**Kort:** 2/13, mynd 41

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 005

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild



**Mynd 43.** *Rústir á Flókavöllum líklega eru yngstu rústirnar síðan á 19. öld.*

**Staðsetning:** A: 349100 N: 563070

**Staðhættir:** „Fjallsbrúnin fyrir ofan Seltúnið kallast Selklettar, og nefnist Selskriða neðan við klettana, niður að Seltúni. Á túninu sjást greinilega allar byggingatóftir, svo túngarðar torfhleðslan stendur vel, grjóthleðslan miður."[108] Þar segir einnig: „Selið var býli sem að fornu hét Flókavellir. Á Flókavöllum var haft í seli um síðustu aldamót[1900] , og þar hafðir sauðir að vetrum og látnir liggja fyrir opnu húsi sem allalgengt var með sauði. Um 1880 hokruðu gömul hjón á Flókavöllum, Þorbjörg Einarsdóttir langamma mín og hennar maður Björn Jónsson. Búskapasaga þeirra varð mjög stutt þarna."[109]

**Minjalýsing:** Ekki er öruggt að segja til um hvort að þær minjar sem sjáanlegar eru á yfirborði séu minjar eftir selið. Líklega eru minjarnar leifar eftir búsetu hjóna þar á 19. öld sem höfðust þar við í stuttan tíma. Líklegt er að bærinn hafi verið byggður úr rústum selsins en rústirnar eru greinilega leifar frá síðustu ábúendum. Bærinn er tvö rými sem hafa verið eldhús og baðstofa tengd saman með göngum. Veggir eru töluvert háir eða 1,5 m og mjög grónir. Stærð hans er 9x9 m.

**Hættumat:** Mikil hætta.

Framkvæmdasvæði við vegagerð nær að túngarði. Hnika þarf vegi til frá túngarðinum og merkja vel.



**Mynd 44.** *Rústir á Flókavöllum sjást áberandi grænni á myndinni.*

108 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

109 Örnefnaskrá Hallsteinsness.




**Verkefnanúmer:** 1788-113

**Kort:** 2/13, mynd 41

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 005

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 349097 N: 563056

**Staðhættir:** „Fjallsbrúnin fyrir ofan Seltúnið kallast Selklettar, og nefnist Selskriða neðan við klettana, niður að Seltúni. Á túninu sjást greinilega allar byggingatóftir, svo túngarðar torfhleðslan stendur vel, grjóthleðslan miður.“[110] Þar segir einnig: „Selið var býli sem að fornu hét Flókavellir. Á Flókavöllum var haft í seli um síðustu aldamót, og þar hafðir sauðir að vetrum og látnir liggja fyrir opnu húsi sem allalgengt var með sauði. Um 1880 hokruðu gömul hjón á Flókavöllum, Þorbjörg Einarsdóttir langamma mín og hennar maður Björn Jónsson. Búskapasaga þeirra varð mjög stutt þarna".[111]

**Minjalýsing:** Beint framan við bæinn er fjárhús. Fjárhúsið er tvö rými annað rýmið er með hlöðum garða. Aftan við fjárhúsið er hlaða og er innangengt úr fjárhúsum yfir í hlöðuna. Veggir eru háir eða um 1,5 m á hæð og grónir. Lengd er 15 m og breidd 9 m.

**Hættumat:** Mikil hætta. Framkvæmdasvæði við vegagerð nær að túngarði. Hnika þarf vegi til frá túngarðinum og merkja vel.

110 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

111 Örnefnaskrá Hallsteinsness.




**Verkefnanúmer:** 1788-114

**Kort:** 2/13, mynd 41

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 005

**Hlutverk:** Þúst

**Tegund:** Óþekkt

**Staðsetning:** A: 349109 N: 563075

**Staðhættir:** „Fjallsbrúnin fyrir ofan Seltúnið kallast Selklettar, og nefnist Selskriða neðan við klettana, niður að Seltúni. Á túninu sjást greinilega allar byggingatóftir, svo túngarðar torfhleðslan stendur vel, grjóthleðslan miður[112]." Þar segir einnig: „Selið var býli sem að fornu hét Flókavellir. Á Flókavöllum var haft í seli um síðustu aldamót, og þar hafðir sauðir að vetrum og látnir liggja fyrir opnu húsi sem allalgengt var með sauði. Um 1880 hokruðu gömul hjón á Flókavöllum, Þorbjörg Einarsdóttir langamma mín og hennar maður Björn Jónsson. Búskapasaga þeirra varð mjög stutt þarna,“.[113]

**Minjalýsing:** Við hliðina á bænum er gróin þúst eða rústabunga, mun grænni en umhverfið í kring og nokkuð há. Líklegt er að þarna séu leifar af eldri byggingum á Flókavöllum. Rústabungan en 41 m í ummál.

**Hættumat:** Mikil hætta. Framkvæmdasvæði við vegagerð nær að túngarði. Hnika þarf vegi til frá túngarðinum og merkja vel.

112 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

113 Örnefnaskrá Hallsteinsness.




**Verkefnanúmer:** 1788-115

**Kort:** 2/13, mynd 41

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 005

**Hlutverk:** Garðlag

**Tegund:** Túngarður

**Staðsetning:** A: 349107 N: 563039



**Mynd 45.** *Túngarður er umhverfis allt túnið á Flókavöllum.*

**Staðhættir:** Í Örnefnaskrá segir „Fjallsbrúnin fyrir ofan Seltúnið kallast Selklettar, og nefnist Selskriða neðan við klettana, niður að Seltúni. Á túninu sjást greinilega allar byggingatóftir, svo túngarðar torfhleðslan stendur vel, grjóthleðslan miður. [114]" Þar segir einnig „Selið var býli sem að fornu hét Flókavellir. Á Flókavöllum var haft í seli um síðustu aldamót, og þar hafðir sauðir að vetrum og látnir liggja fyrir opnu húsi sem allalgengt var með sauði. Um 1880 hokruðu gömul hjón á Flókavöllum, Þorbjörg Einarsdóttir langamma mín og hennar maður Björn Jónsson. Búskapasaga þeirra varð mjög stutt þarna.“[115]

**Minjalýsing:** Allt í kring um túnið á Flókavöllum er hlaðinn túngarður og er hann skeifulaga og mynda klettarnir sem túnið stendur við hluta af túnaarðinum. Garðurinn er

114 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

115 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

203 m að lengd og að mestu hlaðinn úr grjóti. Hann er 1-3 m að breidd eftir því hversu mikið hruninn hann er.

**Hættumat:** Mikil hætta. Framkvæmdasvæði við vegagerð nær að túngarði. Hnika þarf vegi til frá túngarðinum og merkja vel.

**Verkefnanúmer:** 1788-116

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 006

**Hlutverk:** Náma mógrafir

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Rétt upp af Selklettum er nær kringlóttur bolli, sem heitir Selkvos. Þarna á Ytri-Sellækur upptök sín, sá rennur niður með Seltúninu að innanverðu, sem áður getur. Í Selkvos eru gamlar mógrafir, mór dágóður[116]."

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-117

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 007

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Kolviðarhjalli er þéttum skógi vaxinn. Utan við Fögruhlíðarkleifar er Fagrahlíð. Hún nær frá kleifunum að innan og út að Fögruhlíðarhólum, sem raunar er aðeins einn hóll með þrem vörðubrotum."[117]

**Minjalýsing:** Vörðurnar fundust ekki við vettvangsathugun líklega utan svæðis.

**Hættumat:**

**Verkefnanúmer:** 1788-118

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 007

[116] Örnefnaskrá Hallsteinsness.

117 Örnefnaskrá Hallsteinsness.

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Heimild um kolagerð

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Kolviðarhjalli er þéttum skógi vaxinn. Utan við Fögruhlíðarkleifar er Fagrahlíð. Hún nær frá kleifunum að innan og út að Fögruhlíðarhólum, sem raunar er aðeins einn hóll með þrem vörðubrotum."[118]

**Minjalýsing:** Fannst ekki vegna trjágróðurs.

**Verkefnanúmer:** 1788-119

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 008

**Sérheiti:** Goðhúsahvammar

**Hlutverk:** Hof

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Ytri-Fögruhlíðarlækur rennur um hvamma, sem heita Goðhúsahvammar. Þar segir sagan, að Hallsteinn hafi reist hof sitt. Engar rústir eru þar sjáanlegar, og nú er hvammurinn skógi vaxinn. Áður var þar slægjuland. Miðgötur byrja í Goðhúsahvömmum, liggja út hlíðina miðsvæðis, og út á Ból, en þar skammt fyrir innan túnið sameinast þær Ferðamannagötu."[119]

**Minjalýsing:** Fannst ekki við vettvangsathugun, er á kafi í skógi.

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-120

**Jörð:** Hallsteinsnes

**Númer fyrri skráningar:** BA-49: 009

**Hlutverk:** Miðgötur leið

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Á veginum upp af Fitinni er Einstigi, talsvert innar en Víghamar. Þar kemur lækur niður úr Barminum, sem heitir Brönulækur. Ekki er vitað um uppruna nafnsins. Fyrir innan hann, ofan vegar, er Fornistekkur. Þar sjást tóftir."[243]

**Hættumat:** Utan svæðis.

**Verkefnanúmer:** 1788-275

**Jörð:** Brekka

**Númer fyrri skráningar:** BA-54: 020

**Hlutverk:** Geitarhúsalækur/geitakofi

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** Ókunn

**Staðhættir:** „Innar kemur Geitarhúsalækur ofan úr Barminum, rennur ofan við Fitina og í ána. Hann kemur úr hvolfi eða hvammi sem heitir Geitnahvolf. Engar sagnir eru um geitabúskap á Brekku."[244]

**Hættumat:** Utan svæðis.

# Námur

Möguleg námusvæði í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd eru 22 talsins en af þeim eru 11 til vara . Engar fullnaðarrannsóknir hafa verið gerðar á þessum svæðum og ræðst endanleg ákvörðun um hvaða efnistökustaðir verði fyrir valinu af því hvaða veglína verður valin. Í skýrslu Höskuldar Búa Jónssonar um efnistöku og jarðfræði[245] eru lýsingar á mögulegum námusvæðum og veglínum sem munu nýta námurnar en þessar upplýsingar eru notaðar við fornleifaathuganir við námusvæði í þessari skýrslu.

243 Örnefnaskrá Brekku.

244 Örnefnaskrá Brekku.

245 Höskuldur Búi Jónsson, 2016




**Mynd 78.** Myndin sýnir hvar námur og aðstaða fyrir vinnubúðir eru staðsettar.

**Náma 101, Kinnarstaðir A**

**Fornleifar:** Ekki fundust neinar minjar nærri námu 101.

**Náma 102, Klöpp í botni Þorskafjarðar**

**Fornleifar:** Engar fornleifar eru nálægt námuni að frátöldum gamla vegunum um fjörðinn sem ætti ekki að skemmast.

## Náma 103, Múlaá.

**Fornleifar:** Engar fornleifar eru í eða við námuna.

## Náma 104, Bergskering innan Þórisstaða

**Fornleifar:** Engar fornleifar eru við eða í námu [104].

**Náma 105. Hjalli utan Þórisstaða**

**Fornleifar:** Þessi náma er neðan við tún Þórisstaða og nærri minjum. Mögulega þarf að gera könnunarskurði eða vera með framkvæmdaeftirlit þar sem heimildir eru um minjar á þessu svæði sem ekki fundust við vettvangsathugun.

**Náma 106, Hjallaháls**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust í eða við námu [106].

**Náma 107, Áreyrar Djúpadals**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust í eða við námu [107].

**Náma 108, Skriður utan Síkisár**

Námusvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá og telst það því hafa mjög hátt verndargildi.

Fornleifar: Engar minjar fundust.

**Náma 109, Miðhúsamelur**

**Fornleifar:** Námusvæðið er innan svæðis áutan túns við jörðina Miðhús, gæta verður þess að fara ekki inn á túnið þar sem minjar eru innan túns.

**Náma 110, Ódrjúgsháls-klöpp (Skering)**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust við námu [110].

**Náma 112, Klöpp og skriðukeila í Gufufjarðarbotni**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust nærri námu [112].

**Náma 113, Melanes**

**Fornleifar:** Náma [113] er á tveimur stöðum samkvæmt korti frá Vegagerðinni, annarsvegar ofan við veg og hinsvegar á túnum neðan við aflagaða flugbraut. Verði að námugreftri neðan við flugbrautina verður að gera fornleifarannsóknir á svæðinu fyrst. Heimildir eru um að býlið Kiðaberg [248] hafi staðið á þessu svæði. Á loftmyndum sjást mögulegar rústir undir túninu. Ein rúst [251] hugsanlega frá þessu býli er á milli

túnanna. Gera verður könnunarskurði í túnunum áður en námuvinnsla hefst til að kanna hvort minjar séu undir sverði.




**Náma 114, Hjalli innan Hallsteinsness**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust í eða við námu [114].

**Náma 118, Klappir á Grónesi**

**Fornleifar:** Þessi náma nær yfir nokkrar fornleifar. Fyrst ber að nefna stóra rétt [209], líklega nátthaga og innan hans er önnur hleðsla líklega lambakró. Við hlið réttarinnar er hlaðinn garður [210] sem liggur niður af réttinni. Auk þessara minja sem eru innan námunar nær hún of langt inn á tún Gróuness og er hugsanlegt að elstu minjarnar á Gróunesi séu utar í túninu og lenda þar með inn í námunni. Fá verður leyfi til að fjarlæga réttina, lambkróna og garðinn. Uppgröftur gæti ekkert sagt um aldur þeirra. Könnunarskurði þarf innan túns á Gróunesi eigi náman að ná þangað. Best væri að sleppa því að nota þessa námu því í Gróunesi er heilstæð minjaheild.

**Náma 124, Klappir neðan Flókavallagnýpu**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundist í eða við námu [124].

**Náma 125, Laugalandshraun**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust við námu [125].

**Náma 127, Klappir utan Hákallastrandar**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust í eða við námu [127].

**Náma 130, Miðjanes**

**Fornleifar:** Upplýsingar um þessa námu lágu ekki fyrir þegar vettvangsvinna var gerð og hefur hún því ekki verið skoðuð á vettvangi.

**Náma 131, Tangi innan Galtarár**

**Fornleifar:** Upplýsingar um þessa námu lágu ekki fyrir þegar vettvangsvinna var gerð og hefur hún því ekki verið skoðuð á vettvangi.

**Náma 132, Skálaneshraun**

**Fornleifar:** Við hlið hraunsins er lítið grasigróið gil. Þar er að finna þrjár fornleifar [252] sem er garðlag [253] sem eru óljósar rústir hugsanlega af skála og [254] sem er útihús, sem og [249] sem eru akrar. Mikilvægt er að tryggja að þessar minjar verði ekki fyrir skemmdum af völdum námuvinnslu í hrauninu við hliðina. Merkja þarf minjarnar vel og girða minjasvæðið af.

**Náma 133, Utan Krakár/Háubakkar**

**Fornleifar:** Engar fornleifar fundust þar sem náma [133] er.

**Náma 134, Grjótlager á Melanesi**

**Fornleifar:** Engar fornleifar verða fyrir áhrifum af efnisflutningum af flugvellinum.

Tafla 1. Fyrirhuguð námusvæði Vegagerðarinnar og áhrif þeirra á fornleifar.

| Námur | | Áhrif á fornleifar |
|---|---|---|
| **Heiti** | **Númer** | |
| Kinnarstaðir A | 101 | Nei |
| Klöpp í botni Þorskafjarðar (v) | 102 | Nei |
| Múlaá (v) | 103 | Nei |
| Bergskering innan Þórisstaða | 104 | Nei |
| Hjalli utan Þórisstaða | 105 | Nærri minjum/rannsóknir |
| Hjallaháls (v) | 106 | Nei |
| Áreyrar Djúpadals | 107 | Nei |
| Skriður utan Síkisár | 108 | Nei |
| Miðhúsamelur | 109 | Afmarka minjar |
| Ódrjúgsháls- Klöpp (skering) | 110 | Nei |
| Klöpp og skriðukeila í Gufujarðarbotni | 112 | Nei |
| Melanes | 113 | Rannsóknir minjar [248][241] |
| Hjalli innan Hallsteinsnes | 114 | Nei |
| Klappir á Grónesi | 118 | Rannsóknir minjar [209][210] |
| Klappir neðan Flókavallagnýpu | 124 | Nei |
| Laugalandshraun | 125 | Nei |
| Klappir utan Hákarlastrandar | 127 | Nei |
| Miðjunes (v) | 130 | Engin fornleifakönnun |
| Tangi innan Galtarár (v) | 131 | Enginn fornleifakönnun |
| Skálaneshraun | 132 | Minjar [252][254][253] |
| Utan Krakár/Háubakkar | 133 | Engin fornleifakönnun |
| Grjótlager á Melanesi | 134 | Engar minjar |

# Niðurlag

Hér á eftir fylgir umfjöllun um þær minjar sem eru á hverri veglínu og til hvaða mótvægisaðgerða skýrsluhöfundur leggur til. Það eru aðeins tillögur, endanlegar ákvarðanir um mótvægisaðgerðir eru í höndum Minjastofnunar Íslands sem getur fyrirskipað aðrar aðgerðir en lagðar eru til af skýrsluhöfundi. Hér á eftir verður fjallað um hverja leið og minjar settar upp í töflu.

## Lýsing á veglínum

### Leið I

Leið I byrjar við Bjarkalund og liggur fyrst yfir jarðirnar Hofstaði, Hlíð, Hlíðarkot og Laugaland. Á Hofstöðum eru engar minjar í hættu þar sem vegurinn liggur þar sem núverandi vegur er og ofar. Bæjarhóll er samt rétt utan við 100 m viðmiðunina. Þegar vegurinn liggur yfir læk sem ber nafnið Kotlækur er hann markar Kottún þar sem Hlíðarkot stóð eitt sinn. Þar fer vegurinn beint yfir rúst [52]. En síðan liggur vegurinn nærri rúst [49][50] og [51]. Rúst [52] er líklega af bænum sjálfum. Þegar vegurinn fer yfir túnið á Hlíðarkoti er það fyrir neðan rústirnar og bæjarhólinn. Hinsvegar hefur verið byggð í Hlíð síðan á landnámsöld og þar var bænhús. Því er mikilvægt að merkja rústirnar ofan við vegstæðið og gera könnunarskurði í túnið þar sem vegurinn er fyrirhugaður til að ganga úr skugga um að engar minjar sé að finna þar undir sverði. Vegurinn liggur út úr Hlíðartúni og í átt að Laugalandi þar sem hann fer ofan við Stekkjanes en þar eru tvær fornleifar og önnur þeirra friðlýst. Þær hafa númerin [42] og [43]. Þessar rústir þarf að merkja verði af þessari veglagningu. Merkja þarf sel [41] sem ætti ekki að vera í hættu sé það merkt. Við Stórahraun er sagt að sjáist til 6 dysja [44]. Þessar dysjar fundust ekki við vettvangsskráningu en þegar leiðin var gengin skall á hríðarbylur og snjór lagðist yfir allt. Minjastofnun Íslands fann þessar dysjar ekki heldur við vettvangskönnun sumarið 2015 [Munnleg heimild, Oddgeir Ísaksen]. Verði af þessari veglagningu, verður að ganga úr skugga að þessar dysjar séu ekki í vegstæði.

Því næst liggur vegurinn yfir í land Laugalands. Þar fer vegurinn yfir túngarð [11] þar sem hann beygir yfir gamla túnið á Laugalandi og út yfir Þorskafjörð. Vinnubúðir eru áformaðar á túni við Laugaland, ekkert bendir til að minjar séu þar en túnið er ekki sjálft heimatún.

Vegurinn kemur svo inn í land Hallsteinsnes en þar verða aðeins tvær minjar fyrir beinum áhrifum því vegurinn liggur fyrir neðan bæjarstæðið. Vegurinn fer yfir svæði sem notað var til að taka mó [123] og annað svæði þar sem torf var tekið [126]. Garðlag [135] niður við sjó fer undir veg sem og lending [136]. Í eldri skráningu fundust vörður á svæðinu [184] sem fundust ekki við síðari skráningu. Þær eru innan veghelgunarsvæðis. Þá eru upptaldar minjar í landi Hallsteinsnes sem eru í vegstæðinu. Því næst fer vegurinn yfir Djúpafjörð og yfir á Grónes. Þar fer vegurinn yfir tvö naust [203] og [204] og svo hættulega nálægt svokölluðum Þrælagörðum [206], sem eru forn mannvirki sem þarf að vernda og merkja vel. Vegurinn kemur því næst inn á Melanes þar sem þarf að merkja eina rúst [251] og skoða þarf svæði aftur þegar skógur hefur verið ruddur verði af veglagningu.

Tafla 2. Fornleifar sem Veglína I gæti haft áhrif á eða raskað.

| Númer | Fjarlægð frá vegstæði | Tillögur að mótvægisaðgerðum | Hnit | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-42 (Hlíð) | Innan 100 m | Merkja svæði | 351430 | 561955 |
| 1788-43 (Hlíð) | Innan 100 m | Merkja rústir | 351529 | 561969 |
| 1788-44 (Hlíð) | Í vegstæði | Þarf að leita betur | | |
| 1788-49 (Hlíð) | Innan við 100 m | Merkja | 353146 | 563389 |
| 1788-50 (Hlíð) | Innan 100 m | Merkja | 353118 | 563342 |
| 1788-52 (Hlíð) | Í vegstæði | Uppgröftur (mjög gamall bæjarhóll) | 353196 | 563383 |
| 1788-11 (Laugaland) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 347128 | 561083 |
| 1788-123 (Hallsteinsnes) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 346295 | 562870 |
| 1788-126 (Hallsteinsnes) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 346075 | 563005 |
| 1788-135 (Hallsteinsnes) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 345969 | 563044 |
| 1788-136 (Hallsteinsnes) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 345950 | 563025 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-184 | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | | |
| 1788-203 (Grónes) | Í vegstæði | Könnunarskurður/uppgröftur | 344245 | 563051 |
| 1788-204 (Grónes) | Í vegstæði | Könnunarskurður/uppgröftur | 344253 | 563042 |
| 1788-206 (Grónes) | Þétt við vegstæði | Merkja/færa veg | 344183 | 563121 |
| 1788-252 (Melanes) | Innan 100 m | Merkja | 340666 | 561370 |
| 1788-251 (Melanes) | Innan 100 m | Merkja | 342709 | 562865 |

**Samantekt leiðar I**

Verði ráðist í leið I óbreytt er ljóst að vegurinn fer yfir minjar og gera verður ráð fyrir rannsóknum vegna þessa, annað hvort í formi könnunarskurða eða uppgraftar en ákvarðanir um mótvægisaðgerðir eru í höndum Minjastofnunar. Veglínan fer yfir gamalt býli sem hét Hlíðarkot og er á milli Hlíðar og Hofstaða og fer þar yfir minjar sem eru í stórhættu. Þar sem vegurinn fer yfir túnið í Hlíð þarf að gera könnunarskurði til að kanna hvort minjar leynist undir sverði þar sem vegstæðið er innan túngarðs. Á Laugalandi fer vegurinn yfir eina rúst. Á öðrum stöðum þarf ýmist að sækja um leyfi til að fara yfir skráningaskylda minjastaði eins og torf-og mónámur og fá leyfi til að leggja veg yfir túngarð. Aðrar minjar er hægt að merkja vel til að forða skemmdum á framkvæmdatíma.

**Leið Þ-H**

Leið Þ-H hefst við Bjarkalund og liggur fyrst um land Kinnastaða. Á því svæði eru engar minjar innan 100 m frá veglínu. Fer vegurinn því yfir Þorskafjörð og kemur inn í land Þórisstaða sem er eyðibýli en með sumarhúsi. Vegurinn liggur fyrir neðan bæjarhólinn og stærstan hlut heimatúns. Heimildir eru fyrir því að á einhverjum tímapunkti hafi bær staðið neðarlega í túninu, [69] og því þarf að gera könnunarskurði til að kanna hvort minjar séu undir sverði þar sem vegurinn fer yfir túnið. Minjar númer [67] eru innan

námusvæðis en það er heimild um dysjar sem ekki fundust við vettvangsrannsókn. Gera þarf könnunarskurði á líklegum stöðum til að kanna hvort umræddar dysjar leynist þar. Túngarður [73] lendir inn á námusvæði.

Innan 100 m frá veglínu eru minjar [70] sem er túngarður og [74] sem er lítill rúst af útihúsi. Einnnig er gerði [75] innan 100 m. Þessar minjar er hægt að merkja svo þær verði ekki fyrir skemmdum við veglagningu.

Þegar komið er að Gröf verða margar minjar innan 100 m frá veglagningu. Vegurinn er áformaður í suðurhluta bæjarhólsins í Gröf [78] og nær veghelgunarsvæðið yfir hálfan bæjarhólinn. Á bæjarhólnum stóðu mörg hús og þar á meðal kirkja [78] og grafreitur [79]. Þar er einnig vitað um minjar [81]og [82]. Þó að bæjarhóllinn hafi verið sléttaður og ekki sjáist nein merki um minjar á hólnum, er alveg öruggt að þar er mikið af minjum og grafir. Ráðast verður í fornleifauppgröft á hluta bæjarhólsins eigi vegurinn að liggja yfir hann. Innan 100 metra eru minjar númer [83][84][87][88][89][90][105]. Þessar minjar þarf að merkja.

Vegurinn liggur því næst í átt að fornu býli, Grímkelstöðum [108] en það býli er rétt utan við 100 m. Hinsvegar er möguleiki á að minjar tengdar bænum séu huldar skógi. Fornleifafræðingur þarf að merkja Grímkelsstaði sem og skoða veglínu þegar búið er að ryðja skóg en áður en framkvæmdir hefjast til að athuga hvort byggingar frá Grímkelsstöðum komi í ljós. Þetta á við um alla veglínuna í gegnum Teigskóg. Eftir að skógur hefur verið ruddur á vegstæði verður fornleifafræðingur að ganga línuna aftur til að skoða hvort óþekktar minjar hafi leynst í þéttum skóginum. Næst liggur vegurinn framhjá fornbýlinu Flókavöllum [111]. Þar var býli í fornöld sem síðar varð sel og síðar aftur að býli í stuttan tíma. Þar eru minjar [112] [113] [114]. Vegurinn er mjög nálægt túngarðinum [115] sem umlykur bæjarstæðið og veghelgunarsvæðið er alveg að túngarðinum. Hentugast væri að færa veginn um nokkra metra frá túngarðinum og síðan þarf að merkja þessar minjar vel á meðan á framkvæmdum stendur. Næst liggur vegurinn inn í land Hallsteinsness en þar fer hann yfir tvær námur, torf- og mónámur [123] og [126]. Vegurinn fer yfir garðlag [135] niður við sjó og þar rétt fyrir utan er lending [136] sem ætti ekki að verða fyrir áhrifum.

Þá eru upptaldar minjar í landi Hallsteinsnes sem eru í vegstæðinu. Því næst fer vegurinn yfir Djúpafjörð og yfir á Grónes. Þar fer vegurinn yfir tvö naust [203] og [204]

og svo hættulega nálægt svokölluðum Þrælagörðum [206] sem eru forn mannvirki sem þarf að vernda og merkja vel. Náma eru fyrirhugað nærri túni og þarf að minnka hana. Náman fer yfir fjárbyrgi [209] og [210] við Byrgiskletta.

Vegurinn kemur því næst á Melanes þar sem þarf að merkja eina rúst [251] sem er mjög nærri veghelgunarsvæði og skoða þarf svæðið aftur þegar skógur hefur verið ruddur af Melanesi verði af veglagningu.

Tafla 3. Fornleifar sem Veglína Þ-H gæti haft áhrif á eða raskað.

| Númer | Fjarlægð frá vegstæði | Tillögur að mótvægisaðgerðum | Hnit | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-69<br>(Þórisstaðir) | Innan 100 m | Könnunarskurðir | | |
| 1788-67<br>(Þórisstaðir) | Á námusvæði | Könnunarskurði á svæði þar sem dysjar eiga að vera | | |
| 1788-70<br>(Þórisstaðir) | Innan 100 m | Merkja | 353049 | 566451 |
| 1788-73<br>(Þórisstaðir) | í vegstæði | Leyfi | 353158 | 56444 |
| 1788-74<br>(Þórisstaðir) | Innan 100 m og á námusvæði | Merkja | 353070 | 566470 |
| 1788-75 | Innan 100 m | Merkja | 352967 | 566253 |
| 1788-78<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351608 | 564430 |
| 1788-79<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351591 | 564452 |
| 1788-80<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351591 | 564452 |
| 1788-81<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351591 | 564452 |
| 1788-82<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351591 | 564452 |
| 1788-83<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351598 | 564389 |
| 1788-84<br>(Gröf) | Í vegstæði | Fornleifauppgröftur | 351598 | 564389 |
| 1788-87<br>(Gröf) | 40 m frá vegi | Merkja | 351601 | 564514 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-88 (Gröf) | 50 m frá vegi | Merkja | 351617 | 564556 |
| 1788-89 (Gröf) | 50 m frá vegi | Merkja | 351641 | 564586 |
| 1788-90 (Gröf) | 50 m frá vegi | Merkja | 351674 | 564604 |
| 1788-105 (Gröf) | Rétt utan við 100 m | Merkja | 351798 | 564833 |
| 1788-111 (Flókavellir) | Innan 100 m | Merkja | 349087 | 563057 |
| 1788-112 (Flókavellir) | Innan 100 m | Merkja | 349100 | 563070 |
| 1788-113 (Flókavellir) | Innan 100 m | Merkja | 349097 | 563056 |
| 1788-114 (Flókavellir) | Innan 100 m | Merkja | 349109 | 563075 |
| 1788-115 (Flókavellir) | Alveg við veg | Hnika veglínu/merkja | 349107 | 563039 |
| 1788-123 (Hallsteinsnes) | Í veglínu | Leyfi | 346295 | 562870 |
| 1788-126 (Hallsteinsnes) | Í veglínu | Leyfi | 346075 | 563005 |
| 1788-135 (Hallsteinsnes) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 345969 | 563044 |
| 1788-136 (Hallsteinsnes) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 345950 | 563025 |
| 1788-203 (Grónes) | Í vegstæði | Könnunarskurður/uppgröftur | 344245 | 563051 |
| 1788-204 (Grónes) | Í vegstæði | Könnunarskurður/uppgröftur | 344253 | 563042 |
| 1788-206 (Grónes) | Rétt við vegstæði | Hnika veglínu/merkja | 344183 | 563121 |
| 1788-209 (Grónes) | Á námusvæði | Lendir innan námusvæðis | 344295 | 563540 |
| 1788-251 (Melanes) | Innan 100 m | Merkja | 342709 | 562865 |

**Samantekt um veglínu Þ-H**

Fyrstu áhrif veglínu Þ-H á fornleifar er í landi Þórisstaða en þar þarf að gera könnunarskurði í túnið til að fá fullvissu um að engar minjar leynist þar undir sverði. Heimildir eru um bústað niður í túninu. Býlið er síðan á landnámsöld og getur hafa verið fært til. Túngarður er innan námusvæðis og heimild um dysjar sem gætu verið innan námusvæðis. Gera þarf könnunarskurði til að kanna það svæði nærri Byrgistanga. Aðrar minjar innan 100 m þarf að merkja.




Þegar vegurinn kemur inn í land Grafar er hann áformaður yfir bæjarhólinn og fer hálfur hóllinn undir veginn. Á bæjarhólnum sem í dag er sléttaður er örugglega mikið af minjum enda myndast bæjarhólar vegna síendurtekinnar byggðar á sama stað. Á bæjarhólnum stóðu mörg hús auk kirkju og bænhúss. Verði veginum ekki hnikað til, verður að ráðast í fornleifauppgröft á bæjarhólnum en slíkt verk getur verið afar kostnaðarsamt. Með því að hnika vegi aðeins neðar við bæjarhólinn er hægt að komast hjá því að fara þurfi í allsherjar uppgröft á bæjarhólnum sem auk þess að vera kostnaðarsamt er afar tímafrekt verk. Aðrar minjar á bæjarstæðinu sem eru innan 100 m þarf að merkja. Vegurinn liggur svo í átt að Teigskógi en þar eru tvö forn býli. Grímkelsstaðir eru utan við 100 m frá veglínu en engu að síður þarf að afmarka túnið og minjarnar.

Flókavellir eru einnig fornbýli en þar liggur vegurinn nærri túngarði og veghelgunarsvæðið alveg að túngarðinum. Þar þarf að hnika vegi um nokkra metra og merkja túngarðinn vel. Minjar innan túngarðs ættu ekki að vera í hættu.




Mynd 79. Myndin sýnir hversu nálægt túngarði Flókavalla vegur er áformaður

Leyfi þarf til að leggja veg nærri þeim minjum sem vegurinn hefur áhrif á í landi Hallsteinsness en flestar minjar frá bænum eru utan 100 m. Þegar vegurinn kemur inn á Grónes fer hann yfir tvö naust, þar þarf að gera könnunarskurði og/eða grafa naustin upp en það er háð eins og allt annað, umsögn Minjastofnunar. Vegurinn fer jafnframt mjög nærri fornum garði sem heitir Þrælagarðar, hann þarf að merkja vel til að forða frá skemmdum. Vegurinn fer jafnframt yfir birgi [207]. Minnka þarf námu [118] þar sem hún er fyrirhuguð allt of nálægt túninu og tekur í burtu rétt [209] og [210] við Birgiskletta.

Merkja þarf rúst [251] á Melanesi fyrir framkvæmdir. Náma 113 er fyrirhuguð þar sem býlið Kiðaberg [248] er talið hafa staðið. Á loftmyndum sér móta fyrir einhverju sem hugsanlega eru rústir undir sverði. Gera þarf könnunarskurði í túnið verði af þessum námuframkvæmdum sem jafnframt fara yfir rúst [251].

**Leið H1**

Leið H1 byrjar við Kinnastaði og fer vegurinn því yfir Þorskafjörð og kemur inn í land Þórisstaða sem er eyðibýli en með sumarhúsi. Vegurinn liggur fyrir neðan bæjarhólinn og stærstan hlut heimatúns. Heimildir eru fyrir því að bær hafi staðið neðarlega í túninu [69] og því þarf að gera könnunarskurði til að kanna hvort minjar séu undir sverði þar sem vegurinn fer yfir túnið. Innan 100 m frá veglínu eru minjar [70] sem er túngarður og [74] sem er lítill rúst af útihúsi. Þær minjar þarf að merkja. Einnig er gerði [75] sem vegurinn fer mjög nálægt og verður að fá úrskurði Minjastofnunar um mótvægisaðgerðir. Bent er á mótvægisaðgerðir sem Minjastofnun fer fram á og gætu verið könnunarskurður eða uppgröftur. Minjar númer [67] eru innan námusvæðis en það er heimild um dysjar sem ekki fundust við vettvangsrannsókn. Gera þarf könnunarskurði á líklegum stöðum til að kanna hvort umræddar dysjar leynist þar. Túngarður [73] lendir inn á námusvæði og undir veglínu. Fyrirhugað er að aðstaða fyrir verktaka verði neðan vegar þar sem minjarnar sem taldar eru upp hér að ofan eru staðsettar. Mikið rask getur verið þar sem verktakar hafa aðstöðu með tilheyrandi aðkomu með vegum, jarðrask vegna frárennslis og vatnsveitu, uppsetningu húsa og aðstöðu fyrir tæki. Áður en umræddar vinnubúðir rísa á þessu svæði verður því að vera fullvissa um að minjar séu ekki í túninu undir sverði og merkja verður þær minjar sem sjást á yfirborði. Framkvæmdaeftirlit verður að vera við skipulagningu og uppsetningu þessarar búða og samvinna milli fornleifafræðings og Vegagerðar.

Því næst fer vegurinn nærri nátthaga [77] og hann þarf að merkja. Þar rétt við er gangnamunni H1 sem leiðir veginn í gegnum fjallið. Hinn gagnamunninn er í túninu á Börmum og fer vegurinn þar yfir rústir, [238] og mjög nálægt [239]. Vegna umsvifa við gangnamunna eru allar minjar innan bæjarstæðis í hættu og eru þær allar innan 100 m frá framkvæmdasvæði. Ljóst er að ráðast þarf í fornleifauppgröft á þeim minjum sem lenda beint undir framkvæmdum. Hugsanlega er hægt að merka einhverjar minjar en þetta þarf að skoðast sérstaklega ef farið verður leið H1. Minjastofnun, forleifafræðingur og Vegagerðin verða þá að fara yfir hvaða minjar verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda en umsvif við gangnamunna er mun umfangsmeiri en veglínan sjálf. Auk þeirra minja sem fara undir veglínu eru innan 100 m eftirfarandi minjar: [216] [217], [218], [219], [220], [222], [223], [224], [227], [231], [241], [242], [243]. Í landi Hallsteinsness þarf að merkja garðlag [138] og Sólheima [137].

Vegurinn liggur svo frá Hallsteinsnesi yfir á Grónes. Þar fer vegurinn yfir tvö naust [203] og [204] og svo hættulega nálægt svokölluðum Þrælagörðum [206] sem eru forn mannvirki sem þarf að vernda og merkja vel. Náma eru fyrirhugað nærri túni og þarf að minnka hana. Önnur náma fer yfir fjárbyrgi [209] og [210] við Byrgisskletta.

Vegurinn kemur því næst inn á Melanes eftir þverun á Þorskafirði þar sem þarf að merkja eina rúst [251] sem er mjög nærri veghelgunarsvæði og skoða þarf svæði aftur þegar skógur hefur verið ruddur af Melanesi verði að veglagningu.

Tafla 4. Fornleifar sem Veglína H1 gæti haft áhrif á eða raskað.

| Númer | Fjarlægð frá vegstæði | Tillögur að mótvægisaðgerðum | Hnit | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-69 (Þórisstaðir) | Innan 100 m | Könnunarskurðir | | |
| 1788-67 (Þórisstaðir) | Á námusvæði | Könnunarskurði á svæði þar sem dysjar eiga að vera | | |
| 1788-70 (Þórisstaðir) | Innan 100 m | Merkja | 353049 | 566451 |
| 1788-73 (Þórisstaðir) | í vegstæði | Mótvægisaðgerðir ákv af Minjastofnun (Könnunarskurðir /uppgröftur) | 353158 | 56444 |
| 1788-75 (Þórisstaðir) | Í vegstæði | Mótvægisaðgerðir ákv af Minjastofnun (Könnunarskurðir /uppgröftur) | 352967 | 566253 |
| 1788-74 (Þórisstaðir) | Innan 100 m | Merkja | 353070 | 566470 |
| 1788-216 (Barmar) | Við veglínu | Mótvægisaðgerðir ákv af Minjastofnun (Könnunarskurðir /uppgröftur) | 348441 | 565701 |
| 1788-217 | Innan 100 m | Mótvægisaðgerðir ákv af Minjastofnun (Könnunarskurðir /uppgröftur) | 348442 | 565700 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-218 | Innan 100 m | Merkja | 348448 | 565716 |
| 1788-219 | Innan 100 m | Merkja | 348411 | 565776 |
| 1788-220 | Innan 100 m | Merkja | 348299 | 565591 |
| 1788-221 | Innan 100 m | Merkja | 348264 | 565555 |
| 1788-222 | Innan 100 m | Merkja | 348449 | 565775 |
| 1788-223 | Innan 100 m | Merkja | 348439 | 565762 |
| 1788-224 | í veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348408 | 565656 |
| 1788-227 | Innan 100 m | Merkja | 347844 | 564780 |
| 1788-231 | Innan 100 m | Merkja | 348449 | 565735 |
| 1788-238 (Barmar) | í veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348397 | 565783 |
| 1788-239 (Barmar) | í veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348412 | 565777 |
| 1788-241 (Barmar) | Innan 100 m | Merkja | 347695 | 564820 |
| 1788-242 (Barmar) | Innan 100 m | Merkja | 347690 | 564780 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-243 (Barmar) | Innan 100 m | Merkja | 348027 | 565083 |
| 1788-244 (Barmar) | Innan 100 m | Merkja | 348424 | 565693 |
| 1788-134 Hallsteinsnes | Innan 100 m | Merkja | 345826 | 563225 |
| 1788-137 | Innan 100 m | Merkja | 345750 | 563635 |
| 1788-138 | Innan 100 m | Merkja | 345728 | 563483 |
| 1788-203 (Grónes) | Í vegstæði | Könnunarskurður/uppgröftur | 344245 | 563051 |
| 1788-204 (Grónes) | Í vegstæði | Könnunarskurður/uppgröftur | 344253 | 563042 |
| 1788-206 (Grónes) | Rétt við vegstæði | Hnika veglínu/merkja | 344183 | 563121 |
| 1788-209 (Grónes) | Á námusvæði | Lendir innan námusvæðis | 344295 | 563540 |
| 1788-210 | Á námusvæði | Lendir innan námusvæðis | 344265 | 563505 |
| 1788-251 (Melanes) | Innan 100 m | Merkja | 342709 | 562865 |
| 1788-245 (Skálanes) | Innan 100 m | Merkja | 341488 | 561947 |

**Samantekt vegna veglínu H1**

Könnunarskurði þarf að gera í landi Þórisstaða og merkja minjar. Verði vinnubúðir staðsettar í landi Þórisstaða verður að leita samþykkis Minjastofnunar sem leggur til mótvægisaðgerðir. Lagt er til að könnunarskurðir verði gerðir í túnið þar sem heimildir eru um minjar þar sem ekki sjást á yfirborði. Nokkuð mikið rask er þar sem vinnubúðir eru settar upp og verður að skipuleggja þær í samvinnu við fornleifafræðing/Minjastofnun þar sem vinnubúðir eru fyrirhugaðar, þar sem minjar eru og heimildir um minjar.

Vegna gangnamunna í túni eyðibýlisins Barms þarf að ráðast í fornleifarannsóknir þar sem minjar lenda undir veglínu og athafnasvæði vegna gangnagerðar. Einnig eru fyrirhugaðar vinnubúðir í túninu á Barmi. Minjastofnun úrskurðar hvaða minjar þarf að gera rannsókn á og í hvaða minjar þarf að gera könnunarskurði. Framkvæmdaeftirlit þarf að vera á svæðinu þegar jarðrask verður innan túnsins á Barmi eins og á Þórisstöðum. Líklegt er að mikið rask verði um allt túnið á Barmi vegna gangnagerðar og vinnubúða.

**Leið D2**

Leið D2 byrjar við Kinnastaði og fer vegurinn því yfir Þorskafjörð og kemur inn í land Þórisstaða sem er eyðibýli en með sumarhúsi. Vegurinn liggur fyrir neðan bæjarhólinn og stærstan hlut heimatúns. Heimildir eru fyrir því að bær hafi staðið neðarlega í túninu [69] og því þarf að gera könnunarskurði til að kanna hvort minjar séu undir sverði þar sem vegurinn fer yfir túnið. Innan 100 m frá veglínu eru minjar [70] sem er túngarður og [74] sem er lítill rúst af útihúsi. Þær minjar þarf að merkja. Eining er gerði [75] sem vegurinn fer nærri. Minjar númer [67] eru innan námusvæðis en það er heimild um dysjar sem ekki fundust við vettvangsrannsókn. Gera þarf könnunarskurði á líklegum stöðum til að kanna hvort umræddar dysjar leynist þar. Túngarður [73] lendir inn á námusvæði. Fyrirhugað er að aðstaða fyrir verktaka verði neðan vegar þar sem minjarnar sem taldar eru upp hér að ofan eru staðsettar. Mikið rask getur verið þar sem verktakar hafa aðstöðu með tilheyrandi aðkomu með vegum, jarðrask vegna frárennslis og vatnsveitu, uppsetningu húsa og aðstöðu fyrir tæki. Áður en umræddar vinnubúðir rísa á þessu svæði verður því að vera fullvissa um að minjar séu ekki í túninu undir sverði og merkja verður þær minjar sem sjást á yfirborði. Framkvæmdaeftirlit verður að

vera við skipulagningu og uppsetningu þessarar búða og samvinna milli fornleifafræðings/Minjastofnunar og Vegagerðar.

Því næst fer vegurinn nærri nátthaga [77] og hann þarf að merkja. Þar rétt við er gangnamunni D3 sem leiðir veginn í gegnum fjallið. Hinn gangnamuninn kemur út við Hálsaá í Mýrarlandi og þverar Djúpafjörð og fer framhjá Miðhúsum en þar er vegurinn ofan við núverandi vegstæði og því engar minjar í Miðhúsum í hættu. Næst fer vegurinn inn í land Brekku en þar er nokkuð kjarr en vegurinn er töluvert frá Brekku og því engar minjar nærri bænum í hættu. Naust [259] í Naustavogi lendir rétt við veginn og verður undir vegskeringum. Þar sem býlið Húsgafl [261] var eru nú rústir útihúsa sem virðast vera a.m.k. fjórar. Þessar minjar eru ekki nálægt framkvæmdarsvæði.

Því næst þverar vegurinn Gufufjörð og kemur inn í land Hofstaða en töluvert frá bæjarstæðinu. Þar fer vegurinn yfir unnin tún og yfir á Melanes og í átt til Skálaness. Einu minjarnar sem eru á þessu svæði eru við Skálanessel [245] og fjárhús [255] en þessar minjar eru ekki í hættu vegna framkvæmda en merking þeirra er samt ákjósanleg.

Tafla 5. Fornleifar sem Veglína D2 gæti haft áhrif á eða raskað.

| Númer | Fjarlægð frá vegstæði | Tillögur að mótvægisaðgerðum | Hnit | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-69 (Þórisstaðir) | Innan 100 m | Könnunarskurðir | | |
| 1788-67 (Þórisstaðir) | Á námusvæði | Könnunarskurði á svæði þar sem dysjar eiga að vera | | |
| 1788-70 (Þórisstaðir) | Innan 100 m | Merkja | 353049 | 566451 |
| 1788-73 (Þórisstaðir) | í vegstæði | Leyfi | 353158 | 56444 |
| 1788-74 (Þórisstaðir) | Innan 100 m og á námusvæði | Merkja | 353070 | 566470 |
| 1788-75 (Þórisstaðir) | Innan 100 m | Merkja | 352967 | 566253 |
| 1788-259 (Brekka) | Fer undir fyllingu | Könnunarskurður /uppgröftur | 343320 | 565380 |

## Samantekt um leið D2

Helstu áhrif vegna leiðar D2 er í landi Þórisstaða en þar fer vegur nærri minjum sem þarf að merkja. Einnig er fyrirhugað að vinnubúðir verði staðsettar þar með tilheyrandi raski. Gera þyrfti könnunarskurði í túnið þar sem vegur og vinnubúðir eiga að koma vegna heimilda um minjar og nálægðar við minjar sem þarf að merkja. Einnig er lagt til að gera könnunarskurði við enda námunnar nærri Byrgistanga vegna heimilda um dysjar [67].




**Mynd 80**. *Myndin sýnir vinnubúðir sem fyrirhugaðar eru neðan við túnið við Þórisstaði*.

Leið A1

Leið I byrjar við Bjarkalund og liggur fyrst yfir jarðirnar Hofstaði, Hlíð, Hlíðarkot og Laugaland. Á Hofstöðum eru engar minjar í hættu þar sem vegurinn liggur þar sem núverandi vegur er og ofar. Bæjarhóll er samt rétt utan við 100 m viðmiðunina. Þegar vegurinn liggur yfir læk sem ber nafnið Kotlækur, en hann markar Kottún þar sem Hlíðarkot stóð eitt sinn. Þar fer vegurinn beint yfir rúst [52]. En síðan liggur vegurinn nærri rústum númer [48] og [49] og nærri rúst [51]og [50]. Rúst [52] er líklega af bænum sjálfum. Þegar vegurinn fer yfir túnið á Hlíðarkoti er það fyrir neðan rústirnar og bæjarhólinn. Hinsvegar hefur verið byggð í Hlíð síðan á landnámsöld og þar var bænhús. Því er mikilvægt að merkja rústirnar ofan við vegstæðið og gera könnunarskurði í túnið þar sem vegurinn er fyrirhugaður til að ganga úr skugga um engar minjar sé að finna þar undir sverði. Vegurinn liggur út úr Hlíðartúni og í átt að Laugalandi þar sem hann fer ofan við Stekkjanes en þar eru tvær fornleifar og önnur þeirra friðlýst. Þær hafa númerin [42] og [43]. Þessar rústir þarf að merkja verði af þessari veglagningu. Sama má segja um selrústina [41] í Grísdal milli Laugadalshrauna en hún er um 62 m frá veglínu og þarf því að merkja hana.  Við Stóra hraun er sagt að sjáist til 6 dysja [44]. Þessar dysjar fundust ekki við vettvangsskráningu en þegar leiðin var gengin skall á hríðarbylur og snjór lagðist yfir allt. Minjastofnun Íslands fann þessar dysjar ekki heldur við vettvangskönnun síðasta sumar. Verði af þessari veglagningu verður að ganga úr skugga að þessar dysjar séu ekki í vegstæði. Því næst liggur vegurinn yfir í land Laugalands. Þar fer vegurinn yfir túngarðinn [11] á Laugalandi. Á milli Laugalands og Hofstaða er

Skútunaust [20] og fer vegurinn yfir það og nærri vöru [19]. Við Hraunastaði fer vegurinn nálægt vörðum [25], [26] og [27] og þær verður að merkja. Rústir Hraunstaða [30] sleppa, því þær standa upp á hæð en nauðsynlegt er að merkja þær. Fleiri minjar verða ekki á veginum við Hraunastaði. Vegurinn þverar Þorskafjörð og kemur á land milli Melaness og Skálaness. Þar er hann nokkuð nærri Sjávarseli [247] í landi Skálanes sem þarf að merkja.

Tafla 6. Fornleifar sem Veglína A1 gæti haft áhrif á eða raskað.

| Númer | Fjarlægð frá vegstæði | Tillögur að mótvægisaðgerðum | Hnit | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-42(Hlíð) | Innan 100 m | Merkja rústir | 351430 | 561955 |
| 1788-43(Hlíð) | Innan 100 m | Merkja rústir | 351529 | 561969 |
| 1788-44 (Hlíð) | Í vegstæði | Þarf að leita betur | | |
| 1788-49(Hlíð) | Innan við 100 m | Uppgröftur/könnunarskurður/merkja | 353146 | 563389 |
| 1788-50(Hlíð) | Innan 100 m | Uppgröftur/könnunarskurður/merkja | 353118 | 563342 |
| 1788-52(Hlíð) | Í vegstæði | Uppgröftur (mjög gamall bæjarhóll) | 353196 | 563383 |
| 1788-11 (Laugaland) | Í vegstæði | Leyfi hjá Minjastofnun | 347128 | 561083 |
| 1788-20 (Laugaland) | Í vegstæði | Uppgröftur/könnunarskurður | 347688 | 560854 |
| 1788-24 | Í vegstæði | Merkja | 344540 | 560204 |
| 1788-25 | Innan 100 m | Merkja | 343989 | 559336 |
| 1788-26 | Innan 100 m | Merkja | 343933 | 559304 |
| 1788-27 | Innan 100 m | Merkja | 344201 | 559566 |
| 1788-30 | Innan 100 m | Merkja | 344140 | 559509 |
| 1788-247 | Innan 100 m | Merkja | 344540 | 560204 |

## Samantekt um leið A1

Veglína A1 fer yfir nokkuð af minjum. Verði ráðist í leið A1 óbreytta er ljóst að vegurinn fer yfir minjar og gera verður ráð fyrir rannsóknum vegna þessa, annað hvort i formi könnunarskurða eða uppgraftar en ákvarðanir um mótvægisaðgerðir eru í höndum Minjastofnunar. Leiðin fer yfir fornt býli sem heitir Hlíðarkot og er á milli Hlíðar og

Hofstaða. Þar sem vegurinn fer yfir túnið í Hlíð þarf að gera könnunarskurði til að kanna hvort minjar leynist undir sverði þar sem vegstæðið er innan túngarðs. Á Laugalandi fer vegurinn yfir eina rúst. Á öðrum stöðum þarf ýmist að sækja um leyfi til að fara yfir skráningaskylda minjastaði eins og torf- og mónámur og fá leyfi til að leggja veg yfir túngarð. Aðrar minjar er hægt að merkja vel til að forða við skemmdum á framkvæmdatíma.

## Tenging við Reykjanes

Tengingin hefst við miðja vegu milli Hamarlands og Staðar og fer að mestu eftir veginum og á túnum framhjá eyðibýlinu Brandstöðum sem var komið í eyði árið 1710 samkvæmt Jarðabók Árna og Páls. Síðan fer vegurinn á túnum neðan við núverandi veg framhjá Stað. Staður og eyðibýlið Brandsstaðir eru innan 100 m frá veglínu og því er æskilegt að framkvæmdaeftirlit verði viðhaft þegar vegurinn er lagður framhjá þessum bæjum ef ske kynni að minjar komi fram við jarðrask.




Mynd 81. Myndin sýnir hvað vegurinn liggur framhjá Brandstöðum og Stað.

## Tenging við Djúpadal

Tenging við Djúpadal fer framhjá eyðibýlinu Miðhúsum og eru engar minjar þar í hættu. Því næst fer vegurinn í átt að jörðinni Barmi og inn á túnið þar sem vegurinn fer yfir margar rústir [238], [239], [224], [244], [216] og mjög nærri bæjarhólnum. Þessi veglagning hefur því gríðarleg áhrif á mjög heilstætt minjaumhverfi sem er að finna í túni þessarar jarðar.

Aðrar minjar [241], [242], [243][227] þarf að merkja. Tengingin við Djúpadal hefst í landi Hallsteinsness þar sem vegurinn fer nálægt rúst [134] sem þarf að merkja. Aðrar minjar í landi Hallsteinsness eru ekki í hættu vegna tengingar við Djúpadal.




Mynd 82. Myndin sýnir hvernig vegur er fyrirhugaður yfir túnið á Barmi.

Tafla 7. Fornleifar sem vegtenging við Djúpadal gæti haft áhrif á eða raskað.

| Númer | Fjarlægð frá vegstæði | Tillögur að mótvægisaðgerðum | Hnit | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-216 | Við veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348441 | 565701 |
| 1788-238 | í veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348411 | 565776 |
| 1788-239 | í veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348412 | 565777 |
| 1788-224 | í veglínu | Könnunarskurðir/uppgröftur | 348415 | 565565 |
| 1788-227 | Innan 100 m | Merkja | 347844 | 564780 |
| 1788-244 | Innan 100 m | Merkja | 348424 | 565693 |
| 1788-241 | Innan 100 m | Merkja | 347695 | 564820 |
| 1788-242 | Innan 100 m | Merkja | 347690 | 564780 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1788-243 | Innan 100 m | Merkja | 348027 | 565083 |
| 1788-134 | Innan 100 m | Merkja | 345826 | 563225 |
| 1788-245 | Innan 100 m | Merkja | 341488 | 561947 |

**Samantekt vegna tengingar við Djúpadal**

Tengin við Djúpadal hefur mikil áhrif á fornleifar á Barmi þar sem fyrir er mjög heilstætt minjaumhverfi. Rannsókn í formi könnunarskurðar og uppgraftar þarf á mörgum rústum og fyrirsjáalegt er, að það hefur bæði í för með sér kostnað og er nokkuð tímafrekt. Hægt er að spara kostnað og tíma með því að breyta veglínu framhjá túninu á Barmi, en Vegagerðin hefur það til athugunar.

# Lokaorð

Á öllum veglínum eru minjastaðir sem eru í hættu, þó er nokkur munur á milli veglína. Þó ber að vekja sérstaka athygli á veglínu Þ-H sem er áformuð yfir helmings bæjarhólsins á Gröf. Þó hann hafi verið sléttaður er ljóst að undir sverði er mörg hundruð ára saga bæjarins, kirkja og grafreitur. Þar verður að færa veglínu frá bæjarhól eða ráðast í fornleifarannsókn og er viðbúið að sú rannsókn geti verið tímafrek og kostnaðarsöm. Sama má segja um bæjarstæðið á Barmi þar eru tvær veglínur H1, tenging við Djúpadal og jarðgangnamunni ásamt vinnusvæði. Þar verður að ráðast í fornleifarannsókn verði að framkvæmdum, þar sem margar minjar munu fara undir framkvæmdir en aðrar er hægt að merkja. Við Hlíð er farið innan túngarðs á veglínum A1 og I og fara þær yfir minjar frá hjáleigunni Hlíðarkoti. Hér var aðeins fjallað um bæjarstæði þar sem minjar eru í hættu. Þegar ákvörðun liggur fyrir um veglínu er mikilvægt að gott samstarf sé á milli Vegagerðar, Minjastofnunar og fornleifafræðings. Minjastofnun leggur til mótvægisaðgerðir vegna framkvæmda en framkvæmdaeftirlit þarf að vera á sumum stöðum við framkvæmdir auk þeirra.

Gott samstarf var t.d milli Vegagerðar og starfsmanna hennar við fornleifafræðing Náttúrustofu Vestfjarða þegar vegur var gerður um Kerlingar- og Kjálkafjörð. Þá framkvæmdi Náttúrustofa þær mótvægisaðgerðir sem Minjastofnun (Þá Fornleifavernd

ríkisins) lagði til. Vegagerðin í samráði við fornleifafræðing Náttúrustofnunar merkti minjar sem voru nærri framkvæmdum og var það mjög farsælt og tókst að leggja veg mjög nærri minjum án nokkra skemmda á þeim. Þetta má fyrst og fremst þakka góðs samstarf milli Minjastofnunar, Vegagerðar, starfsmanna Suðurverks og Náttúrustofunnar. Við stór verk sem veglagningar á minjasvæðum, eru er þessi samvinna lykilatriði.

## Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson. 1990. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík, Fornleifavernd – Þjóðminjasafn Íslands.

Brynjúlfur Jónsson. 1899. „Rannsókn í Barðastrandarsýslu sumarið 1898." Árbók hins íslenska fornleifafélags, 6-18.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2008. Fornleifarannsókn að Hofstöðum í Þorskafirði. FS375-06431. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðný Zoëga. 2012. Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2011. Byggðasafn Skagfirðinga Rannsóknaskýrslur 2012/127.

Höskuldur Búi Jónsson. 2016. Vestfjarðarvegur. Bjarkalundur- Skálaneshlíð. Greinagerð um jarðfræði, jarðmyndanir og efnistöku. Vegagerðin.

Íslensk fornrit I. 1943. Íslendingabók og Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

1857–1876.Íslenskt fornbréfasafn, (Diplomatarium Islandicum)., I. Bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,

1909-1913. Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). IX. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,

Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). VI. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,1900-1904.

1903-1907.. Íslenskt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum). VII. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík,

Íslenzk fornrit XIII. 1941. Harðar saga, Bárðar saga, Þorskfirðinga saga, Flóamannasaga. Þórarins þáttr Nefjólfssonar, Þorsteins þáttr Uxafóts, Egils þáttr SíðuHallssonar, Orms þáttr Stórólfssonar, Þorsteins þáttr Tjaldstæðings, Þorsteins þáttr forvitna, Bergbúa þáttr, Kumlbúa þáttr, Stjörnu-Odda draumr. Þórhallur 31 Vilmundarsson og Bjarni Vilhjálmsson, gáfu út. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1938. Dala- og Barðastrandarsýsla VI bindi. Hið íslenska Fræðafélag. Kaupmannahöfn.

J. Johnsen. 1847. Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn.

Matthías Þórðarson.1924. „Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar." Árbók hins íslenska fornleifafélags, 42-58.

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen, 2008, Fornleifakönnun vegna vegaframkvæmda í Djúpafirði í Reykhólahreppi, Náttúrustofa Vestfjarða nr. 25-08

Kristian Kålund. 1985. Íslenzkir sögustaðir II. Vestfirðingafjórðungur.
Haraldur Matthíasson (ísl. þýðing). Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF: Reykjavík.

Kristján Jónsson.1942. Barðstrendingabók. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík.

Ragnar Edvardsson. 2004. Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu Vegna ný- og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60, Náttúrustofa Vestfjarða nr. 17-04.

**Óútgefnar heimildir**

Túnakort 1920: Túnakort fyrir Austur-Barðastrandasýslu frá því 1920. Þjóðskjalasafn

Íslands Túnakort jarðanna: Þórisstaða, Grafar, Hallsteinsness,
Barms, , Miðhúsa, Gróuness, Brekku, Hofstaða, Skálaness.

Örnefnastofnun, Þjóðminjasafn Íslands
Örnefnaskrár jarðanna: Þórisstaða, Grafar, Hallsteinsness, Barms, Gróuness, Hofstaða,
Skálaness. Þjóðskjalasafn Íslands




NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA



Yfirlitskort
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:70 000 Kort 1/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Skýringar:
000 Nr. minja
Kort
Veglína Þ-H
Veglína A1, I
Veglína H1/D2

0 0,5 1 1,5 km

Minjar í Þorskafirði
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:30 000 Kort 2/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Skýringar:
000 Nr. minja
Kort
Veglína A1/tenging við Reykhóla
Veglína D2
Veglína I

0 0,5 1 1,5 km

Minjar í Þorskafirði
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:30 000 Kort 3/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




Skýringar:

- Kort
- 000 Nr. minja
- Veglína D2
- Veglína H1
- Tengivegur við Djúpadal
- Veglína I
- Veglína Þ-H

0 0,5 1 1,5 km

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Minjar í Gufufirði og Djúpafirði
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:30 000 Kort 4/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína A1, I

0 50 100 150 m

Minjar í kring um Hlíð
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:2500 Kort 5/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína A1, I

0 20 40 60 80 100 m

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Minjar í kring um Hlíð
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:1000 Kort 6/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína A1
Veglína I

0 100 200 300 m

Minjar í kring um Laugaland
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:1000 Kort 7/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína Þ-H
Veglína H1

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Minjar í kring um Þórisstaði
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:2500 Kort 8/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína Þ-H

0 100 200 300 m

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Minjar í kring um Gröf
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:5000 Kort 9/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína Þ-H, I
Veglína H1

0 100 200 300 m

Minjar í kring um Hallsteinsnes
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:5000 Kort 10/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA




Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína H1
Tenging við Djúpadal

0 50 100 150 m

Minjar í kring um Barm
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:2500 Kort 11/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA




NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Veglína Þ-H, I
Veglína H1

Minjar í kring um Gróunes
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:5000 Kort 12/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir




NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Skýringar:
Minjar
000 Nr. minja
Námusvæði

0 50 100 150 m

Minjar í kring um Skálanes
Fornleifakönnun vegna Vestfjarðarvegar
Mælikvarði: 1:1000 Kort 13/13
Náttúrustofa Vestfjarða
Hulda Birna Albertsdóttir